



Greining á þáttöku Íslands í 6. og 7. rannsóknáætlun ESB

Rannsóknamiðstöð Íslands

Efnisyfirlit

Formáli	6	9. Þátttaka Íslands í tengdum viðfangsefnum og styrktegundum	37
Inngangur.	7	9.1 Þátttaka Íslands og annarra Norðurlanda í tengdum viðfangsefnum og styrktegundum	37
Um 6. rannsóknáætlun ESB.	7	9.2 Tengsl Íslands við matshópa (evaluation panels) í 7. RÁ	37
Um 7. rannsóknáætlun ESB.	9	9.3 Aðild að ERA-netum í 6. og 7. RÁ eftir löndum	37
Aðferðafræði	11	9.4 Aðild að ERA-net PLUS eftir löndum	39
Skipulag skýrslunnar.	12	9.5 Norræn þátttaka í Article 169	40
1. Þróun þátttöku Íslands í rannsóknáætlunum ESB	12	9.6 Tengsl Íslands við Joint Technology Initiatives (JTI)	40
1.1 Tengsl Íslands við verkefni innan rannsóknáætlana ESB	12	9.7 Tengsl Íslands við Joint Programming Initiatives (JPI)	41
1.2 Þátttaka Íslands í verkefnum í rannsóknáætlunum ESB	13	10. Tengsl milli innlendra samkeppnissjóða og sóknar í rannsóknáætlanir ESB	44
1.3 Styrkveitingar til íslenskra þátttakenda	14	10.1 Innlendir sjóðir og rannsóknáætlanir ESB	42
2. Þátttaka eftir tegund þátttakenda	14	10.2 Tækniþróunarsjóður	42
2.1 Þátttaka í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda	14	10.2.1 Tækniþróunarsjóður og 6. RÁ	43
2.2 Styrkveitingar úr 6. RÁ eftir tegund þátttakenda	15	10.2.2 Tækniþróunarsjóður og 7. RÁ	44
2.3 Þátttaka Íslands í 7. RÁ eftir tegund þátttakenda	15	10.3 Rannsóknasjóður	45
2.4 Styrkveitingar úr 7. RÁ eftir tegund þátttökuaðila	16	10.3.1 Vísindasjóður/Rannsóknasjóður og 6. RÁ	45
3. Þátttaka Íslands eftir undiráætlunum	16	10.3.2 Rannsóknasjóður og 7. RÁ	47
3.1 Þátttaka Íslands í 6. RÁ eftir undiráætlunum	17	10.4 Markáætlanir	48
3.2 Þátttaka Íslands í 7. RÁ eftir undiráætlunum	19	10.4.1 Markáætlanir og 6. RÁ	48
4. Hlutverk íslenskra þátttakenda í styrktum verkefnum	20	10.4.2 Markáætlanir og 7. RÁ	49
4.1 Yfirlit yfir hlutverk íslenskra þátttakenda í RÁ	21	10.5 Kynjahlutfall styrkþega í íslenskum samkeppnissjóðum og í rannsóknáætlunum ESB	50
4.2 Íslenskir verkefnastjórar í verkefnum í 6. RÁ	21	11. Helstu niðurstöður	50
4.3 Íslenskir verkefnastjórar í verkefnum í 7. RÁ	21	12. Sjálfsmat Rannís á þjónustu við umsækjendur í 7. RÁ	51
5. Samstarf íslenskra þátttakenda	22	12.1 Hlutverk alþjóðasviðs Rannís	51
5.1 Samstarf	22	12.2 Þjónusta við viðskiptavinum 7. RÁ	53
5.2 Samstarf í 6. RÁ	22	12.3 Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti, Vísinda- og tækniráð og aðra hagsmunaaðila	57
5.2.1 Innlent samstarf í verkefnum í 6. RÁ	22	Viðauki I - Yfirlit yfir þátttöku Íslands í 6. rannsóknáætlun ESB.	61
5.2.2 Samstarf íslenskra og erlendra stofnana í 6. RÁ	22	Viðauki II - Yfirlit yfir þátttöku Íslands í 7. rannsóknáætlun ESB.	79
5.3 Samstarf í 7. RÁ	23	Viðauki III - Alþjóðasvið Rannís – Viðburðaryfirlit 2007–2011.	95
5.3.1. Innlent samstarf í verkefnum í 7. RÁ	23	Viðauki IV - Staða Íslands í 7. RÁ í mars 2012.	103
5.3.2. Samstarf íslenskra og erlendra stofnana í 7. RÁ	23		
6. Umsóknir	24		
6.1 Umsóknir með íslenskri þátttöku	25		
6.2 Umsóknir í 6. RÁ með íslenskri þátttöku	25		
6.3 Umsóknir í 7. RÁ með íslenskri þátttöku	26		
7. Árangur Íslands	28		
7.1 Árangur Íslands í 6. RÁ	28		
7.2 Árangur Íslands í 7. RÁ	29		
8. Samanburður á frammistöðu Norðurlanda	31		
8.1 Frammistaða Norðurlandanna í RÁ	31		
8.2 Samanburður á þátttöku og styrkveitingum til Norðurlandanna úr 6. og 7. RÁ	32		
8.3 Samanburður á þátttökutilvikum Norðurlandanna í 6. og 7. RÁ eftir undiráætlunum	33		
8.4 Norræn verkefnastjórn í 6. og 7. RÁ.	36		
8.5 Árangur Norðurlandanna í 6. og 7. RÁ	36		

Yfirlit yfir töflur og myndir

Töflur:

Tafla 1. Styrkt verkefni með aðild Íslands í 4., 5., 6. og 7. RÁ.	13
Tafla 2. Þáttökutilvik Íslands í styrktum verkefnum innan 5., 6. og 7. RÁ.	13
Tafla 3. Fjármögnun ESB til Íslands í 5., 6. og 7. RÁ í milljónum evra.	14
Tafla 4. Þáttökutilvik Íslands og heildarþáttökutilvik í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda.	15
Tafla 5. Styrkuppghæðir til Íslands í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda í milljónum evra.	15
Tafla 6. Þáttökutilvik Íslands og heildarþáttökutilvik í 7. RÁ eftir tegund þátttakenda.	16
Tafla 7. Meðalstyrkuppghæðir til Íslands í 7. RÁ eftir tegund þátttakenda í milljónum evra.	16
Tafla 8. Styrkt verkefni í 6. RÁ með aðkomu Íslands, íslensk þátttaka og styrkveitingar eftir undirætlunum í milljónum evra.	18
Tafla 9. Styrkt verkefni í 7. RÁ með aðkomu Íslands, íslensk þátttaka og styrkveitingar eftir undirætlunum í milljónum evra.	20
Tafla 10. Hlutverk íslenskra þátttakenda í 4., 5., 6. og 7. RÁ.	21
Tafla 11. Helstu samstarfsaðilar íslenskra þátttakenda í 6. RÁ.	11
Tafla 12. Tegund erlendra samstarfsaðila í 6. RÁ.	12
Tafla 13. Helstu samstarfsaðilar íslenskra þátttakenda í 7. RÁ.	24
Tafla 14. Tegund erlendra samstarfsaðila í 7. RÁ.	24
Tafla 15. Íslensk þátttaka í umsóknum í 6. RÁ eftir undirætlunum.	25
Tafla 16. Íslensk þáttökutilvik í umsóknum í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda.	26
Tafla 17. Íslensk þáttökutilvik í umsóknum í 7. RÁ eftir undirætlunum..	27
Tafla 18. Íslensk þáttökutilvik í umsóknum í 7. RÁ eftir tegund þátttakenda.	28
Tafla 19. Árangur Íslands og meðalárangur í 6. RÁ eftir undirætlunum..	29
Tafla 20. Árangur Íslands og meðalárangur í 7. RÁ eftir undirætlunum..	30
Tafla 21. Norræn þátttaka í 6. RÁ.	32
Tafla 22. Norræn þátttaka í 7. RÁ.	32
Tafla 23. Styrkveitingar til Norðurlandanna úr 6. RÁ.	33
Tafla 24. Styrkveitingar til Norðurlandanna úr 7. RÁ.	33
Tafla 25. Samanburður á þáttökutilvikum Norðurlandanna eftir undirætlunum í 6. RÁ.	34
Tafla 26. Samanburður á þáttökutilvikum Norðurlandanna eftir undirætlunum í 7. RÁ.	35
Tafla 27. Hlutfall norrænna verkefnastjóra í 6. og 7. RÁ eftir löndum..	36
Tafla 28. Árangur Norðurlandanna í 6. RÁ.	36
Tafla 29. Árangur Norðurlandanna í 7. RÁ.	37
Tafla 30. Norræn þátttaka í matshópum 7. RÁ.	37
Tafla 31. Aðild að ERA-netum í 6. og 7. RÁ eftir löndum..	38
Tafla 32. Aðild að ERA-net PLUS eftir löndum..	39
Tafla 33. Norræn þátttaka í Article 169.	40

Tafla 34. Norræn þátttaka í Joint Technology Initiatives.	41
Tafla 35. Samstarfsáætlanir Joint Programming Initiatives.	41
Tafla 36. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Tæknisjóði eða Tækniþróunarsjóði og í 6. RÁ.	43
Tafla 37. Röðun fyrirtækja og stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði og í 6. RÁ.	44
Tafla 38. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ.	44
Tafla 39. Röðun fyrirtækja og stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ.	45
Tafla 40. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði og í 6. RÁ.	46
Tafla 41. Röðun stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði og í 6. RÁ.	46
Tafla 42. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í Rannsóknasjóði og í 7. RÁ.	47
Tafla 43. Röðun stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í Rannsóknasjóði og í 7. RÁ.	48
Tafla 44. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í markáætlunum og í 6. RÁ.	48
Tafla 45. Röðun stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í markáætlunum og í 6. RÁ.	49
Tafla 46. Yfirlit yfir þáttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í markáætlunum og í 7. RÁ.	49
Tafla 47. Röðun stofnana eftir fjölda þáttökutilvika í markáætlunum og í 7. RÁ.	49
Tafla 48. Yfirlit yfir 7. RÁ.	56

Myndir:

Mynd 1. Skipulag 6. RÁ	8
Mynd 2. Skipulag 7. RÁ	9
Mynd 3. Þáttökutilvik í 6. RÁ, markáætlunum og innlendum sjóðum eftir kyni frá 2002–2006.	50
Mynd 4. Þáttökutilvik í 7. RÁ, markáætlunum og innlendum sjóðum eftir kyni frá 2007–2011.	50



Formáli

Haustið 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið hóp sérfræðinga til að meta árangur og áhrif þáttöku íslenskra vísindamanna í rannsóknáætlunum Evrópusambandsins (RÁ). Mikilvægt er að hafa upplýsingar um umfang íslenskrar þáttöku í áætlununum og árangur íslenskra aðila svo unnt sé að fá innsýn inn í áhrif þáttökunnar á íslenskt vísindasamfélag og atvinnulíf. Nú þegar áttunda rannsóknáætlun Evrópusambandsins (Horizon 2020) er í burðarlíðnum þótti ástæða til að fara í saumana á árangri Íslands í núverandi áætlun (7. RÁ) og sjöttu áætlun sambandsins (6. RÁ).

Alþjóðasvið Rannís hefur það meginverkefni að stuðla að aukinni þáttöku Íslands í RÁ og vera fulltrúi Íslands í samráði og eftirfylgni til að leitast við að þátttakan skili sem bestum árangri. Því varð úr að samhliða vinnu hóps ráðuneytisins skyldi Rannís safna tölfraðilegum upplýsingum um þáttöku Íslands í áætlununum.

Í eftirfarandi samantekt eru birtar niðurstöður úr viðamikilli úttekt á þáttöku Íslands í rannsóknáætlunum Evrópusambandsins, þar sem sérstök áhersla er lögð á greiningu á þáttöku Íslands í 6. og 7. RÁ. Þar sem hægt hefur verið að koma því við eru tölfraðilegar upplýsingar um 4. og 5. RÁ einnig birtar. Jafnframt er gerð tilraun til að skoða árangur íslenskra vísindamanna í RÁ og sjóðum sem Rannís rekur og leggja mat á hvort og hversu mikil skörun er hjá einstökum vísindamönnum og/eða stofnunum. Til þess að leggja mat á framkvæmd og árangur leggur alþjóðasvið Rannís fram sjálfsmat á starfi sínu sem umsjónaraðili RÁ hér á landi, ásamt yfirliti yfir viðburði undanfarin ár sem stuðla að aukinni þáttöku og styrkja þáttöku í alþjóðlegu samstarfi (sjá viðauka III).

Inngangur

Evrópusambandið (ESB) hefur um árabíl hvatt til umfangsmikils samstarfs á sviði rannsókna og tækniþróunar í Evrópu meðal annars með því að standa að svokölluðum rammaáætlunum (framework pogrammes) eða rannsóknáætlunum. Rannsóknáætlunirnar eru nánar tiltekið helsta tól Evrópusambandsins til að fjármagna rannsóknir í Evrópu sem eru í samræmi við framtíðarsýn og áherslur sambandsins á hverjum tíma. Með gildistöku EES-samningsins árið 1994 var Ísland fullgildur aðili að þessu samstarfi og hefur tekið þátt í því síðan.

Þátttaka Íslands í RÁ er mikilvægur þáttur í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi landsins. Ísland greiðir til ESB fyrir þáttöku í áætluninni og því er mikilvægt að meta árangur og áhrif þáttöku íslenskra vísindamanna í þessu samstarfi. Í nóvember 2010 var gefin út skýrsla sérfræðingahóps á vegum ESB sem lagði áfangamat á stöðuna varðandi 7. RÁ.¹ Áætlað er að umfang RÁ sé um 10% af opinberu fé til rannsókna innan ESB.

Eðlilegt er að spurt sé í þessu samhengi hver viðskiptajöfnuðurinn sé í þessum samskiptum þó að ástæða sé til að leggja áherslu á að hann er alls ekki einungis mældur í krónum, heldur á hvern hátt þekkingarsamfélagið hér á landi eflist í þeirri viðleitni að bæta velferð hér á landi. Teknar hafa verið saman heildargreiðslur til ESB eftir árum vegna RÁ, menntaáætlana o.fl. Hér er gert ráð fyrir að 75–80% kostnaðarins séu vegna RÁ. Greiðsla vegna 6. RÁ nam um 18 milljónum evra en styrkir til íslenskra aðila 24 milljónum evra og fyrir 7. RÁ nemur greiðslan um 24 milljónum evra en stuðningur til Íslands nemur í mars 2012 um 39 milljónum evra.

Um 6. rannsóknáætlun ESB

Sjötta rannsóknáætlunin, sem náði yfir árabilið 2002–2006, hafði það að meginmarkmiði að sameina og samhæfa það rannsóknarstarf sem fram fór í Evrópu og koma þannig á fót sameiginlegu evrópsku rannsóknarsvæði (European Research Area). Stefnt skyldi að því að rannsóknirnar efltu samkeppnisfærni evrópsks atvinnulífs, leystu félagsleg vandamál og styddu við áætlanagerð og framkvæmd annarra stefnumiða Evrópusambandsins. Fjárskuldbindingar ESB til 6. rannsóknáætlunarinnar námu alls 19,1 milljarði evra.

Áætlunin skiptist í þrjár meginstöðir sem hver um sig samanstóð af nokkrum undiráætlunum. Meginstöðirnar voru **Focusing and Integrating European Research** (Hnitmiðun og samþætting evrópskra rannsókna), **Structuring the ERA** (Skipulagning Evrópska rannsóknarsvæðisins) og **Strengthening the Foundations of ERA** (Styrking undirstöðupátta Evrópska rannsóknarsvæðisins). Íslendingar áttu ekki aðild að **Euratom** undiráætluninni (Kjarnorkubandalagi Evrópu). Heiti sumra undiráætlana hafa verið íslenskuð en í þessari umfjöllun og hér eftir verður eingöngu notast við upprunaleg heiti þeirra.

¹ Interim Evaluation of the Seventh Framework Programme, Report of the Expert Group, Final Report 12. November 2010.

Skipulag 6. rannsóknáætlunarinnar

Focusing and Integrating European Research	Structuring the ERA	Strengthening the Foundations of ERA
7 Priority Thematic Areas	Research and Innovation	Strengthening the Foundations of ERA
Life sciences, genomics and biotechnology for health	Human resources & mobility	Coordination of research activities
Information society technologies	Research infrastructures	Development of research/innovation policies
Nanotechnologies and nanosciences, knowledge-based functional materials, new production processes and devices	Science and society	
Aeronautics and Space		
Food quality and safety		
Sustainable development, global change and ecosystems		
Citizens and governance in a knowledge-based society		
Specific Activities Covering a Wider Field of Research		
Research for policy support		
New and emerging science and technologies (NEST)		
Specific research activities for SMEs		
Specific international co-operation activities		

Meginstoðin **Focusing and Integrating European Research**, sem hafði til ráðstöfunar 12.438 milljónir evra, samanstóð af eftirfarandi undiráætlunum:

- 7 Priority Thematic Areas
- Life sciences, genomics and biotechnology for health
- Information society technologies
- Nanotechnologies and nanosciences, knowledge-based functional materials, new production processes and devices
- Aeronautics and Space
- Food quality and safety
- Sustainable development, global change and ecosystems
- Citizens and governance in a knowledge-based society

Innan þessarar stoðar var einnig sérstök meginstoð, **Specific Activities Covering a Wider Field of Research**, sem hafði 1.409 milljónir evra til ráðstöfunar. Innihélt hún eftirfarandi undiráætlanir:

- Research for policy support / New and emerging science and technologies (NEST)
- Horizontal Research Activities - SMEs
- Support for International Cooperation

Meginstoðin **Structuring the ERA**, sem hafði til ráðstöfunar 2.854 milljónir evra, samanstóð af eftirfarandi undiráætlunum:

- Research and Innovation
- Human resources & mobility
- Research infrastructures
- Science and society

Meginstoðin **Strengthening the Foundations of ERA**, sem hafði til ráðstöfunar 347 milljónir evra, samanstóð af eftirfarandi undiráætlunum:

- Coordination of research activities
- Development of research/innovation policies

Auk þess ber að nefna **Non-nuclear activities of the Joint Research Center** sem hafði til ráðstöfunar 835 milljónir evra. Fyrirnefnd **Euratom** áætlun hafði um 1.230 milljónir evra til ráðstöfunar.

Um 7. rannsóknáætlun ESB

Sjöunda rannsóknáætlun Evrópusambandsins sameinar allan stuðning ESB við rannsóknir undir einu þaki og gegnir, ásamt hinni nýju Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun (CIP), lykilhlutverki í að uppfylla vaxtar-, samkeppnis- og atvinnumarkmið sambandsins. Hún er einnig lykilþáttur í uppbyggingu Evrópska rannsóknarsvæðisins (ERA). Áætlunin verður í gildi frá 2007 til 2013. Ráðstöfunarfé áætlunarinnar er 53,2 milljarðar evra. Eins og fyrr segir er 7. RÁ einnig ætlað að bregðast við samkeppnis- og atvinnuþörf Evrópu, auk þess að styðja við rannsóknir á sérstökum áherslusviðum með það að markmiði að gera Evrópu leiðandi á þeim vettvangi.

Í 7. RÁ eru fjórar meginstoðir þ.e. **Cooperation** (Samvinna), **Ideas** (Hugmyndir), **People** (Mannauður) og **Capacities** (Undirstöður) auk séráætlananna **Joint Research Centre** (Sameiginlega rannsóknamiðstöðin) og **Nuclear Research** (Kjarnorkurannsóknir) en Ísland er ekki aðili að þeirri síðarnefndu. Hver meginstoð samanstendur af nokkrum undiráætlunum.

Skipulag 7. rannsóknáætlunarinnar

Cooperation	Ideas	People	Capacities
Health	European Research Council (ERC)	Initial training of researchers - Marie Curie Networks	Research infrastructures
Food, agriculture and fisheries, and biotechnology		Industry-academia partnerships	Research for the benefit of SMEs
Information and communication technologies		Co-funding of regional, national and international mobility programmes	Regions of Knowledge
Nanosciences, nanotechnologies, materials and new production technologies		Intra-European fellowships	Research Potential
Energy		International dimension - outgoing and incoming fellowships, international cooperation scheme, reintegration grants	Science in Society
Environment			Support for the Coherent Development of Research Policies
Transport			Specific activities of international cooperation
Socio-economic sciences and the humanities		Marie Curie Awards	
Space			
Security			

Meginstoðin **Cooperation**, sem hefur til ráðstöfunar 32.365 milljónir evra, samanstendur af eftirfarandi undiráætlunum:

- Health
- Food, agriculture and fisheries, and biotechnology
- Information and communication technologies
- Nanosciences, nanotechnologies, materials and new production technologies
- Energy

- Environment (including climate change)
- Transport (including aeronautics)
- Socio-economic sciences and the humanities
- Space
- Security

Meginstoðin **Ideas samanstendur** af styrkjum Evrópska rannsóknaráðsins til grunnrannsókna og hefur til ráðstöfunar samtals 7.460 milljónir evra.

Meginstoðin **People**, sem hefur til ráðstöfunar 4.728 milljónir evra, samanstendur af eftirfarandi undiráætlunum:

- Initial training of researchers – Marie Curie Networks
- Industry-academia partnerships
- Co-funding of regional, national and international mobility programmes
- Intra-European fellowships
- International dimension – outgoing and incoming fellowships, international cooperation scheme, reintegration grants
- Marie Curie Awards

Meginstoðin **Capacities**, sem hefur til ráðstöfunar 4.217 milljónir evra, samanstendur af eftirfarandi undiráætlunum:

- Research infrastructures
- Research for the benefit of SMEs
- Regions of Knowledge
- Research Potential
- Science in Society
- Specific activities of international cooperation

Sameiginlega rannsóknamiðstöðin (Joint Research Centre, JRC) samanstendur af nokkrum rannsóknamiðstöðvum sem fjármagnaðar eru af 7. RÁ og er ætlað að styðja við stefnumótun, þróun og framkvæmd stefnumála Evrópusambandsins. Ráðstöfunarfé JRC er 1.751 milljónir evra. Kjarnorkuáætlunin (Nuclear Research), sem Ísland á ekki aðild að, hefur til ráðstöfunar 2,7 milljarða evra.

Aðferðafræði

Í þessari samantekt er birt yfirlit yfir þáttöku íslenskra aðila í rannsóknáætlunum Evrópusambandsins eins og hún kemur fyrir í gagnagrunni Rannís, gagnagrunni ESB (E-CORDA) og í skýrslu NordForsk² frá 2011. Sérstök áhersla er lögð á að greina tölfraði er snýr að þáttöku Íslands í 6. og 7. RÁ, ekki síst vegna þess að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um þáttöku Íslands í 4. og 5. RÁ. Fjalla þær helst um fjölda og hlutfall þeirra verkefna sem íslenskir þátttakendur tóku þátt í innan áætlanna.

Skýrsla NordForsk og skýrsla Technopolis Group³ frá 2010 hafa báðar verið nýttar sem grunnur fyrir samanburð á frammistöðu Íslands og annarra Evrópuþjóða í 6. og 7. RÁ. Í einstaka tilfellum hefur misræmis gætt milli framsetningar NordForsk og Technopolis Group á tölfraðinni og þess sem fram kemur í E-CORDA. Leitast var við að nota E-CORDA sem meginheimild og tölfraðin því leiðrétt miðað við þær upplýsingar. Upplýsingar úr E-CORDA eru skráðar eftir að samningur við verkefnastjóra er undirritaður og getur drjúgur tími liðið frá því að umsókn er samþykkt þar til upplýsingar skila sér inn í E-CORDA. Ekki er óalgengt að breytingar verði á samstarfsaðilum, styrkuppþæðum og dreifingu styrks við endanlega samningsgerð.

Einnig er mikilvægt að benda á að fyrrnefndar skýrslur byggjast á tölfraði sem tekin var saman á ólíkum tíma. Í þeim tilvikum þar sem skýrslurnar hafa verið notaðar sem heimildir hefur þess verið gætt að tölfraðin sé uppfærð miðað við nýjustu upplýsingar í gagnagrunni ESB. **Öll tölfraði um Ísland og 7. RÁ miðast við upplýsingar sem lágu fyrir í júní 2011 og nær ekki til verkefna sem samþykkt hafa verið síðan.** Af því leiðir að tölur, sem birtar eru úr ofangreindum skýrslum, hafa ekki í öllum tilvikum að geyma sömu upplýsingar og tölurnar í eftirfarandi samantekt. Taka skal fram að við útgáfu þessarar samantektar er 7. RÁ ólokið en í viðauka IV er hægt að nálgast töflu sem sýnir stöðu Íslands í 7. RÁ miðað við nýjustu uppfærslu E-CORDA í mars 2012.

Mikilvægt er að minnast á að nokkuð ósamræmi er í flokkun þátttakenda innan og milli 6. og 7. RÁ sem skapar vanda þegar ætlunin er að bera saman frammistöðu íslenskra þátttakenda milli áætlana. Ósamræmið í flokkun þátttakenda innan áætlana birtist í því að upp komu tilfelli þar sem sami þátttakandi hafði verið flokkaður á ólíka vegu. Ákveðið var að samræma skráningu á þann hátt að ef sami aðilinn var flokkaður á mismunandi vegu í gagnagrunni ESB var sú flokkun sem oftast kom fyrir notuð sem viðmið. Í kjölfarið var gerð breyting á flokkun þátttakandans út frá því viðmiði. Að auki var leiðrétting gerð ef í ljós kom að þátttakandi hafði greinilega verið rangt skráður (t.d. fyrirtæki sagt vera rannsóknastofnun). Þessar leiðréttingar hafa bæði verið gerðar á öllum umsóknum og styrktum verkefnum sem íslenskir þátttakendur eiga aðild að í 6. og 7. RÁ.

Ákveðið var að leitast ekki við að samræma skráningu á þátttakendum milli áætlana. Eins og mun koma fram hefur flokkunarformið tekið töluverðum breytingum milli 6. og 7. RÁ. Þannig getur aðili á borð við Rannsóknamiðstöð Íslands verið flokkaður sem „annað“ í 6. RÁ en sem „opinber stofnun“ í 7. RÁ. Í upphafi þessarar úttektar var talið nauðsynlegt að tryggja að sami aðili væri flokkaður með sama hætti milli áætlana til að samanburður á áætlunum yrði mögulegur. Fallið var frá þessari aðferðafræði þar sem talið var að slík lagfæring á gögnum myndi torvela samanburð við tölfraði annarra þjóða. Ákveðið var m.ö.o. að halda inni sömu kerfisbundnu skekkjunni og fyrirfinnst í flokkun á þátttakendum annarra landa. Í þessari úttekt verður því í staðinn bent á breytingar á milli áætlana, þegar við á, og hugsanlegur munur á tölfraði skýrður með hliðsjón af því að mjög virkir aðilar (t.d. Landspítali og Íslensk erfðagreining) hafa verið flokkaðir með ólíkum hætti milli áætlana.

Að lokum bera að nefna að sömu viðfangsefni mynda rauðan þráð í gegnum umfjöllunina og má því oft sjá sömu atriðin koma fyrir ítrekað, sem dæmi má nefna umfjöllun um þáttökutilvik (participations). Þáttökutilvik vísa ekki til þátttakenda sem slíkra heldur til fjölda skipta sem þátttakendur koma fyrir t.d. í undiráætlun. Til dæmis má nefna að í tiltekinni undiráætlun gæti Ísland átt aðild að sex styrktum verkefnum með 13 þáttökutilvikum en að baki þessara 13 tilvika stæðu einungis fimm þátttakendur. Þetta þýðir með öðrum orðum að sumir aðilar koma fyrir oft en einu sinni í undiráætlun og er lögð áhersla á að fjalla um þann fjölda í eftirfarandi samantekt. Þessi nálgun er í samræmi við það sem gert er í sambærilegum úttektum grannþjóða okkar og annarra þjóða einnig. Annað atriði sem vert er að nefna og þarfnast skýringa er notkun orðsins „kall“ (call). Kall er auglýsing eftir umsóknum innan undiráætlunar. Hér á landi er almennt talað um að „kallað sé eftir umsóknum“ eða að „kall sé opið“.

²NordForsk (2011). Enhancing the effectiveness of Nordic research cooperation. Nordic participation in the EU framework programmes – Best practices and lessons learned. Oslo: NordForsk. ³Technopolis Group (2010). The impact of the EU RTD framework programme on the UK. Brighton: Technopolis Group.

Skipulag skýrslunnar

Á heildina litið er greiningin sem hér er birt nokkuð viðtæk og nær til þáttöku Íslands bæði í umsóknum og styrktum verkefnum. Í fyrsta hluta samantektarinnar eru birtar upplýsingar um þá þróun sem orðið hefur á þáttöku Íslands í rannsóknáætlunum með tilliti til fjölda styrkra verkefna, þáttökutíðna og styrkveitinga. Þessu næst má sjá greiningu á þáttöku Íslands í 6. og 7. RÁ eftir tegund þáttakenda og undiráætlun. Hlutverk íslenskra aðila í styrktum verkefnum er birt í næsta kafla þar á eftir og síðan má sjá umfjöllun um samstarf íslenskra aðila innanlands og við aðila erlendis. Birt er yfirlit yfir umsóknir íslenskra aðila til ESB og má þar einnig sjá yfirlit yfir árangur Íslands. Því næst er dregin upp mynd af frammistöðu Íslands í rannsóknáætlunum, í tengdum viðfangsefnum og styrktegundum í samanburði við aðrar þjóðir. Enn fremur er birt greining á tengslum milli styrkveitinga úr innlendum sjóðum og sóknar í rannsóknáætlunir ESB. Að síðustu er fjallað um sjálfsmat Rannís á þjónustu stofnunarinnar við umsækjendur í rannsóknáætlunirnar.

1. Þróun þáttöku Íslands í rannsóknáætlunum ESB

Frá upphafi þáttöku Íslands hefur bæði hlutfall íslenskrar þáttöku og hlutfall styrkveitinga til íslenskra þáttakenda haldist nokkuð stöðugt. Verkefnum sem íslenskir þáttakendur eiga aðild að frá 4. RÁ til 6. RÁ hefur fækkað. Tölur úr 7. RÁ sem sýna áframhaldandi fækkun verkefna verður hins vegar að skoða í ljósi þess að áætlunin er í raun aðeins hálfnuð og því má ganga að því vísu að talan muni hækka. Þrátt fyrir að verkefnafjöldi fari minnkandi haldast styrkveitingar stöðugar. Þessa þróun má að einhverju leyti skýra með þeirri staðreynd að verkefni fara stækkandi hvað varðar bæði fjölda þáttakenda og styrkveitingar.

1.1 Tengsl Íslands við verkefni innan rannsóknáætlana ESB

Í hverri rannsóknáætlun Evrópusambandsins er þúsundum verkefna veittur stuðningur og gefur tölfræði um verkefni upplýsingar um virkni rannsóknasamfélagsins í viðkomandi landi eða svæði innan hvernar áætlunar. Í töflu 1 má sjá að í heild hafa 53.416 verkefni fengið stuðning úr rannsóknáætlunum ESB. Af þeim hafa Íslendingar tekið þátt í 477 verkefnum, þ.e. frá því að 4. RÁ var ýtt úr vör fram til júní 2011.

Verkefnum með íslenski þáttöku hefur fækkað. Í 4. RÁ voru þau t.a.m. 144 en það sem af er 7. RÁ eru styrkt verkefni samtals 99. Þessari tölfræði ber þó að taka með fyrirvara því að 7. RÁ er enn opin og víst að styrkt verkefni með íslenski þáttöku verða fleiri við lok áætlunarinnar. Einnig ber að hafa í huga að 7. RÁ nær yfir lengra tímabil en fyrri áætlunir og ráðstöfunarfé hefur nærri þrefaldast. Að auki er hún ólík 6. RÁ að forminu til og má til dæmis nefna tilkomu European Research Council sem ætlað er að fjármagna grunnrannsóknir og Joint Technology Initiative (JTI) sem heldur utan um og fjármagnar samstarf opinberra aðila og einkaaðila í iðnaðarrannsóknum. Því þarf að hafa í huga að tölfræðin endurspeglar að einhverju leyti breytingar á rannsóknáætlunum sem leitt hefur til breyttrar virkni íslenska rannsóknasamfélagsins.

Hlutfall styrkra verkefna með íslenski þáttöku hefur að jafnaði verið um 0,90%, lægst 0,81% (í 5. RÁ) og hæst 1,02% (í 6. RÁ). Þessi tölfræði bendir til þess að þátttaka Íslands, sem hlutfall af heildarfjölda verkefna, hafi haldist nokkuð stöðug frá upphafi.

Tafla 1. Styrkt verkefni með aðild Íslands í 4., 5., 6. og 7. RÁ

Tímabil	4. RÁ	5. RÁ	6. RÁ	7. RÁ	Heild/meðaltal (%)
	1994 - 1998	1998 - 2002	2002 - 2006	2007 - 2013	1994 - 2013
Fjöldi verkefna í RÁ	15.457	16.251 (+5%)	10.107 (-38%)	11.601 (+13%)	53.416
Fjöldi verkefna með íslenski þáttöku	144	131 (-9%)	103 (-21,4%)	99 (-3,9%)	477
Hlutfall verkefna með íslenski þáttöku	0,93%	0,81%	1,02%	0,85%	0,90%
Ráðstöfunarfé ESB á tímabilinu í milljörðum evra	13,2	15	19,1	53,2	100,5

Heimild: Menntamálaráðuneytið (1998)⁴, Technopolis Group (2010) og E-CORDA. Prósentutölur innan sviga sýna breytingar frá fyrri áætlun.

Í viðauka þessarar samantektar er að finna yfirlit yfir þáttöku Íslands í 6. og 7. RÁ. Viðauki I samanstendur af heildaryfirliti yfir styrkt verkefni í 6. RÁ ásamt flokkun eftir tegundum þáttakenda (háskólar, fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðrir þátttakendur). Í viðauka II heildaryfirlit yfir styrkt verkefni í 7. RÁ miðað við stöðu mála í júní 2011. Þar er einnig að finna yfirlit yfir styrkt verkefni eftir tegundum þáttakenda (háskólar, fyrirtæki, rannsóknastofnanir og opinberar stofnanir).

1.2 Þátttaka Íslands í verkefnum í rannsóknáætlunum ESB

Tafla 2 sýnir heildarfjölda þáttökutíðna í 5., 6. og 7. RÁ. Gögn um þáttökutíðni í 4. RÁ eru ekki tiltæk. Samanburður er gerður á íslenskum þáttökutíðni og heildarfjölda þáttökutíðna í rannsóknáætlunum og hlutfall íslenskra þáttökutíðna í hverri rannsóknáætlun sýnt.

Fram kemur að íslensk þáttökutíðni í 5., 6. og 7. RÁ eru 410. Þáttökutíðni fækkaði um 22% milli 5. og 6. RÁ og eru tilvikin um 18% færri það sem af er 7. RÁ samanborið við þá sjöttu. Eins og áður má skýra þessa fækkun með hliðsjón af fyrrnefndum breytingum sem gerðar hafa verið á rannsóknáætlunum og þeirri staðreynd að 7. RÁ er ólokið. Hlutfall Íslands af heildarþáttöku í rannsóknáætlunum hefur minnkað lítillega úr 0,21% í 5. RÁ í 0,17% í 7. RÁ en að jafnaði hefur hlutfallið verið um 0,19%.

Tafla 2. Þáttökutíðni Íslands í styrktum verkefnum innan 5., 6. og 7. RÁ

Tímabil	5. RÁ	6. RÁ	7. RÁ	Heild/meðaltal (%)
	1998 - 2002	2002 - 2006	2007 - 2013	1998 - 2013
Heildarþáttökutíðni	80.068	74.584 (-7%)	62.680 (-16%)	217.332
Fjöldi íslenskra þáttökutíðna	170	132 (-22%)	108 (-18%)	410
Hlutfall Íslands af heildarþáttöku í RÁ	0,21%	0,18%	0,17%	0,19%

Heimild: Technopolis Group (2010) og E-CORDA. Prósentutölur innan sviga sýna breytingar frá fyrri áætlun.

Sé fjöldi íslenskra þáttökutíðna (tafla 2) skoðaður út frá fjölda verkefna með íslenski þáttöku (tafla 1) má sjá að í 5. og 6. RÁ er svipaður fjöldi eða tæplega 1,3 þáttökutíðni í verkefni en það sem af er í 7. RÁ eru þau tæplega 1,1.

⁴ Menntamálaráðuneytið (1998). Áhrif á Íslandi – Fjórða rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun 1994–1998. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

1.3 Styrkveitingar til íslenskra þátttakenda

Tafla 3 sýnir umfang styrkveitinga til íslenskra þátttakenda úr 5., 6. og 7. RÁ (staðan í júní 2011). Í töflunni sést einnig samanburður á þeim við heildarstyrkveitingar til allra landa í hverri rannsóknáætlun. Tölfræðin leiðir í ljós að íslenskir þátttakendur hafa fengið styrkveitingar sem nema 65 milljónum evra úr 5., 6. og 7. RÁ. Hluttur Íslands í styrkveitingum úr rannsóknáætluninum hefur að meðaltali verið um 0,13%.

Tafla 3. Fjármögnun ESB til Íslands í 5., 6. og 7. RÁ í milljónum evra

	5. RÁ	6. RÁ	7. RÁ	Heild/meðaltal (%)
Tímabil	1998 - 2002	2002 - 2006	2007 - 2013	1998 - 2013
Styrkveitingar úr RÁ, öll lönd	12.854	16.696	19.724	49.274
Styrkveitingar úr RÁ, Ísland	16,8	24,1	24,3 ⁵	65,2
Hluttur Íslands í styrkveitingum úr RÁ (%)	0,13%	0,14%	0,12%	0,13%

Heimild: Technopolis Group (2010) og E-CORDA.

2. Þátttaka eftir tegund þátttakenda

Hlutfallslega færri þátttökutilvik (fjöldi skipta sem þátttakendur koma fyrir) tilheyra íslenskum háskólum í 6. RÁ en háskólum í áætluninni í heild. Hluttur þáttöku íslenskra fyrirtækja er stærri en almennt sést meðal fyrirtækja innan áætlunarinnar. Hvað styrkveitingar varðar er áberandi ósamræmi milli þátttökutilvika og styrkveitinga hjá íslensku þátttakendum, þ.e. þó svo að ákveðin tegund þátttakenda komi oft fyrir er ekki þar með sagt að hlutfall styrkveitinga til hennar sé í samræmi við þáttöku. Meirihluti styrkja ratar til rannsóknastofnana (56%) sem standa einungis fyrir 32% þátttökutilvik. Háskólarnir og fyrirtækin fá í sinn hlut lægra hlutfall styrkja en þátttaka þeirra gefur vísbendingu um.

Í 7. RÁ hafa háskólar aukið þáttöku sína en eru þó enn nokkuð fjarri meðaltali innan Evrópu. Þátttaka íslenskra fyrirtækja og rannsóknastofnana er nú minni en áður miðað við sambærilega aðila í áætluninni í heild. Í 7. RÁ var byrjað á því að flokka sér opinberar stofnanir sem hvorki eru mennta- né rannsóknastofnanir. Þessi nýja flokkun endurspeglar virkan hóp þátttakenda á Íslandi sem á um þriðjung íslenskra þátttökutilvika á móti 5% tilvika hjá hliðstæðum aðilum í áætluninni í heild. Hvað samræmi milli þáttöku og styrkveitinga varðar sést að í 7. RÁ hefur hluttur fyrirtækja vænkast og fá þau nú um 44% styrkja til íslenskra þátttakenda á móti 32% þátttökutilvika.

Mikilvægt er að hafa í huga að erfitt er að bera saman þátttakendur í 6. og 7. RÁ vegna mismunandi flokkunaraðferða. Einnig hafa áætlunirnar sjálfar breyst og í kjölfarið þau tækifæri sem bjóðast þátttakendum.

2.1 Þátttaka í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda

Tafla 4 sýnir sundurgreiningu á þátttökutilvikum Íslands í 6. RÁ eftir flokkunarkerfi Evrópusambandsins á tegundum þátttakenda. Til samanburðar er sambærileg greining á öllum þátttakendum í 6. RÁ. Vert er að geta þess að tölfræðin er ekki fullkomin þar sem breytileiki er í flokkun þátttakenda sem birtist í því að í sumum tilfellum er sama stofnun eða fyrirtæki flokkað með ólíkum hætti í þeim verkefnum sem stofnunin eða fyrirtækið tekur þátt í. Leitast hefur verið við að samræma flokkun á þátttakendum eins og kostur er.

Hvað sem þessum takmörkunum líður er ljóst að talsverður munur er á íslenskum þátttakendum og þátttakendum í 6. RÁ í heild. Íslenskir háskólar koma t.d. að einu af hverjum fimm þátttökutilvikum (19%) samanborið við rúman þriðjung hjá öllum háskólum innan áætlunarinnar (36%). Aftur á móti skipa íslensk fyrirtæki stærri sess í þátttakendahópnum (26%) samanborið við hlutfall fyrirtækja almennt í 6. RÁ (19%). Einnig er nokkur munur á öðrum þátttakendum eins og sjá má í töflu 4. Í viðauka I er að finna yfirlit yfir öll styrkt verkefni með aðild Íslands í 6. RÁ.

⁵ Styrkveitingar í júní 2011 Nýjustu tölur í mars 2012 eru 39 milljónir evra. Heildarstyrkveitingar til Íslands nema því 79.9 milljónum evra.

Tafla 4. Þátttökutilvik Íslands og heildarþátttökutilvik í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda

Tegund þátttakenda	Fjöldi og hlutfall íslenskra þátttökutilvika	Fjöldi og hlutfall allra þátttökutilvika
Háskólar	25 (19%)	26.539 (36%)
Fyrirtæki	34 (26%)	13.938 (19%)
Rannsóknastofnanir	42 (32%)	20.655 (28%)
Annað	31 (23%)	12.442 (17%)
Óskilgreind starfsemi	0 (0%)	1.010 (1%)
Heild	132 (100%)	74.584 (100%)

Heimild: E-CORDA.

2.2 Styrkveitingar úr 6. RÁ eftir tegund þátttakenda

Nokkur munur var á styrkuppþæðum úr 6. RÁ eftir tegund íslensku þátttakendanna eins og sjá má í töflu 5. Íslenskir háskólar fengu í allt 2,4 milljónir evra vegna þáttöku í verkefnum í 6. RÁ eða 10% heildarstyrkveitinga til Íslands. Þetta hlutfall er umtalsvert lægra en heildarstyrkveitingar til háskóla í 6. RÁ (37%). Tæplega 4 milljónir evra runnu til íslenskra fyrirtækja eða um 16% styrkveitinga og er það í samræmi við það sem almennt mátti sjá meðal fyrirtækja í 6. RÁ. Athygli vekur að rúmlega helmingur styrkveitinga til íslenskra þátttakenda rann til rannsóknastofnana eða 13,6 milljónir evra og er þetta hlutfall töluvert hærra en í áætluninni í heild (31%). Um 4 milljónir evra runnu til annarra íslenskra þátttakenda eða 18% heildarstyrkveitinga til Íslands.

Tafla 5. Styrkuppþæðir til Íslands í 6. RÁ eftir tegund þátttakenda í milljónum evra

Tegund þátttakenda	Styrkveitingar og hlutfall til íslenskra þátttakenda	Styrkveitingar og hlutfall til allra þátttakenda
Háskólar	2,4 (10%)	6.168 (37%)
Fyrirtæki	3,8 (16%)	3.031 (18%)
Rannsóknastofnanir	13,6 (56%)	5.228 (31%)
Annað	4,2 (18%)	2.133 (13%)
Óskilgreind starfsemi	0 (0%)	136 (1%)
Heild	24 (100%)	16.696 (100%)

Heimild: E-CORDA.

2.3 Þátttaka Íslands í 7. RÁ eftir tegund þátttakenda

Tafla 6 sýnir flokkun á tegundum þátttakenda í 7. RÁ en hér er flokkunin ólík þeirri sem var í 6. RÁ. Til að mynda hefur flokki sem í eru opinberar stofnanir, aðrar en rannsókn- og menntastofnanir, verið bætt við. Sem fyrr er sýnd sundurgreining á tegundum íslenskra þátttakenda og einnig er gerð greining á öllum þátttakendum í 7. RÁ til samanburðar. Í viðauka II er svo að finna yfirlit yfir öll styrkt verkefni með aðkomu Íslands í 7. RÁ.

Líkt og í 6. RÁ má sjá mun á íslensku þátttakendum og þátttakendum í rannsóknáætluninni í heild. Þátttaka íslenskra háskóla er minni (28%) en þátttaka háskóla í áætluninni almennt (39%). Íslensk fyrirtæki eru 23% þátttakenda og er þetta hlutfall í nokkru samræmi við skiptinguna í áætluninni í heild (27%). Íslenskar rannsóknastofnanir eiga nokkuð minni hlut (18%) í 7. RÁ miðað við heildarþáttöku slíkra stofnana (26%). Alls eiga opinberar stofnanir á Íslandi 31% þátttökutilvika og er þessi virkni mjög ólík þeirri sem sjá má í allri áætluninni en þar eiga opinberar stofnanir 5% þátttökutilvika.

Tafla 6. Þáttökutílvik Íslands og heildarþáttökutílvik í 7. RÁ eftir tegund þáttakenda

Tegund þáttakenda	Fjöldi og hlutfall íslenskra þáttökutílvika	Fjöldi og hlutfall allra þáttökutílvika
Háskólar	30 (28%)	24.160 (39%)
Fyrirtæki	25 (23%)	17.077 (27%)
Rannsóknastofnanir	19 (18%)	16.278 (26%)
Opinberar stofnanir (aðrar en rannsókn- og menntastofnanir)	34 (31%)	3.369 (5%)
Annað	0 (0%)	1.796 (3%)
Heild	108 (100%)	62.680 (100%)

Heimild: E-CORDA.

2.4 Styrkveitingar úr 7. RÁ eftir tegund þáttökuaðila

Líkt og í 6. RÁ má sjá mun á styrkuppþæðum til íslenskra þáttakenda eftir tegund þeirra. Enn skal bent á að þáttakendur voru flokkaðir með ólíkum hætti í 6. og 7. RÁ og er tölfræðin því illa samanburðarhæf.

Styrkir til íslenskra háskóla eru verulega hærri í 7. RÁ eða um 32% heildarstyrkveitinga samanborið við 10% í 6. RÁ. Er þetta hlutfall farið að líkjast því sem sjá má meðal háskóla í rannsóknáætluninni allri (43%). Einnig hefur átt sér stað mikil breyting á úthlutun til fyrirtækja frá því sem var í 6. RÁ. Tæplega 11 milljónir evra hafa runnið til íslenskra fyrirtækja í 7. RÁ eða um 44% heildarstyrkuppþæðarinnar. Ólíkt því sem var í 6. RÁ er þetta ekki í samræmi við styrkveitingar til fyrirtækja í áætluninni í heild (23%). Miklar breytingar hafa orðið milli áætlana á hlutfalli styrkveitinga til rannsóknastofnana. Í 6. RÁ rann ríflega helmingur heildarstyrkuppþæðarinnar til Íslands til rannsóknastofnana en það sem af er 7. RÁ hafa rannsóknastofnanir fengið 15% upphæðarinnar. Þetta er umtalsvert lægra hlutfall en hjá rannsóknastofnunum í áætluninni allri (29%). Opinberar stofnanir á Íslandi fengu um 9% heildarstyrkveitinganna og er það hlutfall mun hærri en í áætluninni í heild.

Tafla 7. Meðalstyrkuppþæðir til Íslands í 7. RÁ eftir tegund þáttakenda í milljónum evra

Tegund þáttakenda	Styrkveitingar og hlutfall til íslenskra þáttakenda	Styrkveitingar og hlutfall til allra þáttakenda
Háskólar	7,8 (32%)	8.505 (43%)
Fyrirtæki	10,7 (44%)	4.541 (23%)
Rannsóknastofnanir	3,6 (15%)	5.681 (29%)
Opinberar stofnanir (aðrar en rannsókn- og menntastofnanir)	2,1 (9%)	573 (3%)
Annað	0 (0%)	422 (2%)
Heild	24,2 (100%)	19.722 (100%)

Heimild: E-CORDA.

3. Þáttaka Íslands eftir undiráætlunum

Þegar litið er til fjölda þáttökutílvika og styrkra verkefna í 6. RÁ eftir einstökum rannsóknasviðum sést að Ísland náði góðum árangri í undiráætlunum á sviði matvæla- og umhverfisrannsókna, upplýsingatækni og heilbrigðisvísinda. Árangur var einnig góður í undiráætlun sem sneri að rannsóknum tengdum litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hlutfall styrkveitinga til Íslands var ofan við meðaltal landsins í matvæla- og umhverfisrannsóknum og heilbrigðisvísindum. Um þriðjungur þess fjármagns sem rann til íslenskra þáttakenda í 6. RÁ var úthlutað til heilbrigðisrannsókna. Sé horft til fjölda þáttökutílvika og styrkra verkefna í 7. RÁ hefur landslagið lítið breyst. Ísland nær góðum árangri í undiráætlunum á sviði matvæla- og umhverfisrannsókna og heilbrigðisvísindum. Líkt og í 6. RÁ má einnig benda á góðan árangur á sviði rannsókna í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hins vegar hefur dregið úr árangri í undiráætlun um upplýsingatækni en þá þróun má að einhverju leyti rekja til áherslubreytinga í 7. RÁ. Hátt hlutfall styrkveitinga er í Marie Curie-undiráætluninni en einnig á sviði matvæla og umhverfisrannsókna og í heilbrigðisvísindum. Líkt og í fyrri áætlun fer hæsta fjárhæðin eða tæplega þriðjungur allra styrkveitinga til íslenskra þáttakenda til rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda.

3.1 Þáttaka Íslands í 6. RÁ eftir undiráætlunum

Sjötta rannsóknáætlunin samanstóð af þremur meginstöðum⁶ (activities) sem síðan skiptust í 17 undiráætlanir. Sjö undiráætlanir skipuðu stærstan sess í fyrstu stoðinni, Integrating and Strengthening the European Research Area og átti meirihluti útgjalda í 6. RÁ rætur að rekja til þessarar stoðar.

Tafla 8 hefur að geyma yfirlit yfir undiráætlanirnar 17 auk upplýsinga um fjölda styrkra verkefna með íslenskum þáttakendum, fjölda íslenskra þáttökutílvika og umfang styrkveitinga til íslenskra þáttakenda í hverri undiráætlun. Taflan sýnir að undiráætlanirnar **Sustainable development, global change and ecosystems, Human resources & mobility, Horizontal Research Activities – SMEs, Information society technologies and Support for Coordination of Activities** reyndust umfangsmestar meðal íslenskra þáttakenda í 6. RÁ sé litið til fjölda styrkra verkefna (67). Innan þeirra voru íslensku þáttökutílvikin 85 talsins og um 10 milljónum evra veitt til íslenskra þáttakenda.

Hvað varðar einstaka rannsóknasvið er flest íslensk þáttökutílvik að finna innan undiráætlunar á sviði umhverfisrannsókna (**Sustainable development, global change and ecosystems**). Sé einvörðungu horft á styrkuppþæðir má sjá að um þriðjung af heildarstyrkjum til íslenskra þáttakenda (7,8 milljónir evra) má rekja til **Life sciences, genomics and biotechnology for health**-undiráætlunarinnar. Þar stendur hlutur Íslenskrar erfðagreiningar upp úr en fyrirtækið fékk úthlutað um 27% af heildarstyrk íslenskra þáttakenda í 6. RÁ. Drjúgur hluti styrkveitinga rataði einnig til undiráætlana sem sneru að umhverfis- og matvælarannsóknum.

Taflan hefur einnig að geyma upplýsingar um hlut Íslendinga samanborið við alla þáttakendur í 6. RÁ, m.ö.o. hlutfall verkefna, hlutfall íslenskra þáttökutílvika og hlutfall styrkveitinga til íslenskra þáttakenda innan hvernar undiráætlunar.

Í töflunni má sjá örvar (↑↓↔) sem gefa til kynna mat á því hvort Ísland hafi staðið sig betur eða verr á tilteknu sviði, þ.e. hlutfall styrkra verkefna, hlutfall þáttökutílvika og hlutfall styrkveitinga, miðað við heildarframmistöðu landsins í 6. RÁ. Rétt er að skýra þessa framsetningu þar sem sami háttur er hafður á mati á 7. RÁ. Meðaltal af hlutfalli íslenskra þáttökutílvika í öllum undiráætlunum var 0,19%. Þegar tekið er mið af þessu hlutfalli má sjá að þáttaka Íslands í undiráætluninni **Human resources & mobility** var sambærileg þáttöku Íslands í rannsóknáætluninni í heild, því er þessari undiráætlun gefið meðaltalsmerki (↔). Á hinn bóginn má einnig t.d. sjá að þáttakan í **Food quality and safety** (0,34%) er yfir meðaltali íslenskrar þáttöku (↑) og að þáttakan í undiráætluninni **Life sciences, genomics and biotechnology for health** (0,13%) var undir meðaltali (↓) heildarþáttöku Íslands í 6. RÁ. Við túlkun þarf þó að hafa í huga stærð þeirra tölulega upplýsinga sem ná yfir íslenska þáttakendur.

Niðurstöðurnar sýna að frammistaða Íslands í styrktum verkefnum var undir meðaltali landsins í meirihluta undiráætlana. Í sex undiráætlunum var frammistaðan ofan við meðaltal Íslands. Þessar

⁶Focusing and Strengthening the European Research Area, Structuring the European Research Area and Strengthening the Foundations of ERA, ásamt Nuclear Research (Euratom).

niðurstöður gefa til kynna að þótt íslenskir þátttakendur hafi komið fyrir í velflestum undiráætlunum var um ólíka frammistöðu að ræða eftir undiráætlunum.

Gjarnan er litið svo á að hlutfall þáttökutílvika og hlutfall styrkveitinga séu mælikvarðar sem réttara sé að miða við en hlutfall styrkra verkefna. Síðarnefndi mælikvarðinn fangar ekki nægjanlega virkni landanna og er næmt fyrir breytileika í reglum ESB um verkefni innan undiráætlana. Af fyrrnefndu mælikvörðunum má sjá aðeins meiri breytileika í hlutfalli þáttökutílvika þar sem sex undiráætlanir voru ofan við meðaltal, tíu neðan við og ein undiráætlun í samræmi við meðaltal Íslands. Í hlutfalli styrkveitinga má sjá frammistöðu neðan við meðaltal í tíu undiráætlunum en í sjö undiráætlunum var hún ofan við meðaltal.

Þegar litið er til hlutfalls þáttökutílvika sést að Ísland er ofan við meðaltal landsins (0,19%) í undiráætlunum **Support for Coordination of Activities, Research and Innovation, Horizontal Research Activities – SMEs, Food quality and safety, Sustainable development, global change and ecosystems og Policy Support/Emerging Science & Technology (NEST)**. Hvað hlutfall styrkveitinga snertir var frammistaða Íslands ofan við meðaltal landsins (0,16%) í undiráætlunum **Research and Innovation, Food quality and safety, Support for Coordination of Activities, Horizontal Research Activities – SMEs, Life sciences, genomics and biotechnology for health, Policy Support/Emerging Science & Technology (NEST) og Sustainable development, global change and ecosystems**.

Tafla 8. Styrkt verkefni í 6. RÁ með aðkomu Íslands, íslensk þáttaka og styrkveitingar eftir undiráætlunum í milljónum evra

Undiráætlun	Styrkt verkefni	Þáttöku-tílvik	Styrk-veitingar	Hlutfall verkefna	Hlutfall þáttöku-tílvika	Hlutfall styrkveitinga
1. Life sciences, genomics and biotechnology for health	6	9	7,8	1,00%↓	0,13%↓	0,33%↑
2. Information society technologies	10	10	0,6	0,91%↓	0,07%↓	0,02%↓
3. Nanotechnologies and nanosciences, knowledge-based functional materials, new production processes and devices	2	2	0,1	0,45%↓	0,03%↓	0,01%↓
4. Aeronautics and Space	0	0	0	0%↓	0%↓	0%↓
5. Food quality and safety	8	11	3,0	4,32%↑	0,34%↑	0,40%↑
6. Sustainable development, global change and ecosystems	21	29	4,3	3,13%↑	0,27%↑	0,19%↑
7. Citizens and governance in a knowledge-based society	1	1	0,1	0,68%↓	0,05%↓	0,04%↓
8. Policy Support/Emerging Science & Technology (NEST)	9	12	1,5	1,72%↑	0,26%↑	0,25%↑
9. Horizontal Research Activities – SMEs	11	20	1,7	2,24%↑	0,37%↑	0,34%↑
10. Support for International Cooperation	1	2	0,5	0,29%↓	0,08%↓	0,14%↓
11. Research and Innovation	7	8	1,0	2,95%↑	0,43%↑	0,46%↑
12. Human resources & mobility	15	16	2,3	0,32%↓	0,19%↔	0,13%↓
13. Research infrastructures	1	1	0,1	0,65%↓	0,05%↓	0,02%↓
14. Science and society	1	1	0,01	0,62%↓	0,10%↓	0,02%↓
15. Support for Coordination of Activities	10	10	1,0	9,80%↑	0,83%↑	0,36%↑
16. Development of Research & Innovation Policies	0	0	0	0%↓	0%↓	0%↓
17. Euratom*	0	0	0	0%↓	0%↓	0%↓
Heild/meðaltal (%)	103	132	24	1,71%	0,19%	0,16%

Heimild: E-CORDA. *Ísland á ekki aðild.

3.2 Þáttaka Íslands í 7. RÁ eftir undiráætlunum

Sjöunda rannsóknáætlunin samanstendur af fjórum sértækum stoðum og tveimur séráætlunum sem skiptast í 22 undiráætlanir⁷. Í töflu 9 má sjá yfirlit yfir undiráætlanirnar ásamt upplýsingum um fjölda styrkra verkefna með íslenskum þátttakendum, fjölda íslenskra þáttökutílvika og umfang styrkveitinga til íslenskra þáttakenda í hverri undiráætlun. Þegar aðeins er litið til fjölda styrkra verkefna má sjá að undiráætlunin **Initial training of researchers – Marie Curie Networks** hefur reynst umfangsmest en allnokkur verkefni í undiráætlunum **Environment, Health and Research for the benefit of SMEs** hafa einnig fengið stuðning. Innan þessara undiráætlana hafa samanlagt 58 verkefni verið styrkt, þáttökutílvikin eru 61 og um 15,7 milljónum evra hefur verið veitt til íslenskra þáttakenda.

Hvað varðar einstaka rannsóknasvið er flest íslensk þáttökutílvik að finna innan undiráætlana á sviði umhverfisrannsókna (**Environment**), heilbrigðisvísinda (**Health**) og matvælarannsókna (**Food, agriculture and fisheries, and biotechnology**). Líkt og í 6. RÁ rennur tæplega þriðjungur af heildarstyrkjum til íslenskra þáttakenda til heilbrigðisvísinda (**Health**). Drjúgur hlutur fer einnig til undiráætlana sem snúa að umhverfis- og matvælarannsóknum.

	Heild	94	951	21	363	1.427	100%

Heimild: NordForsk (2011).

¹³ Ríki með tengsl í gegnum EES eða tvíhliða samninga.

¹⁴ Flokkurinn alþjóðasamtök hefur að geyma þáttöku Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (Nordic Innovation Centre) í ERACOBUILD ERA-NETinu.

9.4 Aðild að ERA-net PLUS eftir löndum

ERA-net PLUS var kynnt í 7. RÁ innan ERA-net-áætlunarinnar sem ný styrktegund sem nýta átti til að stuðla að millilandaþjálfun (transnational funding) rannsókna. ERA-net PLUS hvetur til samstarfs milli stofnana sem reka sjóði (programme owners and programme managers) og hvetur einnig til sameiginlegra kalla með því að útteila fjármagn til þeirra sem komið hafa á millilandaþjálfun, þ.e. á þeim sviðum sem hafa sérstakt gildi fyrir evrópskt samfélag. **Coordination and Support Actions (CSAs)** er sú styrktegund sem helst er nýtt í þessu samhengi.

Það sem af er 7. RÁ hefur tvisvar verið kallað eftir umsóknum í ERA-net PLUS sem leitt hefur til styrkveitinga til sjö ERA-net PLUS-verkefna. Í töflu 32 má sjá þáttakendurnar í þessum samþykktu verkefnum. Taflan sýnir mikla þáttöku Norðurlandþjóðanna, þar sem þær eiga samanlagt 28 (26%) af þeim 107 þáttökutílvikum sem komin eru. Ísland hefur átt þrjú þáttökutílvik í ERA-net PLUS-verkefnum til þessa.

Tafla 32. Aðild að ERA-net PLUS eftir löndum

7. RÁ ERA-net PLUS	Verkefnastjóri	Þátttakandi	Heild	Heild (%)	
EU27	Finnland	3	7	10	9,3%
	Spánn	-	8	8	7,5%
	Þýskaland	2	5	7	6,5%
	Holland	1	6	7	6,5%
	Svíþjóð	-	6	6	5,6%
	Austurríki	-	5	5	4,7%
	Slóvenía	-	5	5	4,7%
	Bretland	-	5	5	4,7%
	Danmörk	-	4	4	3,7%
	Eistland	-	4	4	3,7%
	Frakkland	1	3	4	3,7%
	Írland	-	4	4	3,7%
	Belgía	-	3	3	2,8%
	Ítalía	-	3	3	2,8%
	Lúxemborg	-	3	3	2,8%
	Pólland	-	3	3	2,8%
	Portúgal	-	3	3	2,8%
	Lettland	-	2	2	1,9%
	Slóvakía	-	2	2	1,9%
	Tékkland	-	1	1	0,9%
	Litháen	-	1	1	0,9%
	Rúmenía	-	1	1	0,9%
	Búlgaría	-	-	-	-
	Kýpur	-	-	-	-
	Grikkland	-	-	-	-
	Ungverjaland	-	-	-	-
	Malta	-	-	-	-
Umsóknarríki	Tyrkland	-	2	2	1,9%
	Krótía	-	1	1	0,9%
Samstarfslönd ¹⁵	Noregur	-	5	5	4,7%
	Ísland	-	3	3	2,8%
	Ísrael	-	3	3	2,8%
	Sviss	-	1	1	0,9%
Alþjóðasamtök	-	1	1	0,9%	
Heild	7	100	107	100%	

Heimild: NordForsk (2011) og E-CORDA.

¹⁵ Ríki með tengsl í gegnum EES eða tvíhliða samninga.

9.5 Norræn þátttaka í Article 169

Article 169 myndar eins konar grundvöll fyrir aðildaríki ESB til að samræma rannsóknáætlunir sínar og hefur í reynd þróast út frá fyrrnefndum ERA-netum. Í töflu 33 má sjá samantekt um þáttöku Norðurlandanna í Article 169-áætlunum. Hún sýnir að Danmörk og Svíþjóð hafa tekið þátt í öllum áætlunum í Article 169, Finnland hefur tekið þátt í fjórum, Noregur þremur og Ísland einu.

Tafla 33. Norræn þátttaka í Article 169

Meðlimir Article 169 EEIGs	EDCTP	AAL	EUROSTARS	EMRP	BONUS-169
Fjöldi meðlima	16 lönd	22 lönd	32 lönd	22 lönd	8 lönd
Danmörk	X	X	X	X	X
Finnland		X	X	X	X
Ísland			X		
Noregur		X	X	X	
Svíþjóð	X	X	X	X	X
Athugasemdir	European Economic Interest Group (EEIG-EDCTP) er sá lögaðili sem kemur að framkvæmd áætlunarinnar og hefur auk þess umsjón með fjármögnun.	Samkvæmt belgískum lögum eru AAL Association alþjóðleg samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa opinbert aðsetur sitt í Brussel. Samtökin eru ábyrg fyrir þessari sameiginlegu áætlun og framkvæmd hennar.	Sérstakur framkvæmdar-aðili sameiginlegu Eurostars-áætlunarinnar.	EURAMET e.V. er sérstakur framkvæmdar-aðili EMRP. EMRP- samtökin voru stofnuð skv. þýskum lögum árið 2007 sem samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.	BONUS EEIG (European Economic Interest Grouping) er sérhæft rekstrarform að lögum fyrir BONUS-169 með skráðar skrifstofur í Finnlandi.

Heimild: NordForsk (2011).

9.6 Tengsl Íslands við Joint Technology Initiatives (JTI)

Joint Technology Initiatives er skýrt skilgreind lagaleg eining sem sett var á laggirnar í Article 187 TFEU í sérstökum tilgangi. JTI er hægt að nýta til að koma á fót European Technology Platform, að hluta eða að öllu leyti. JTI myndar ramma um samstarf milli opinberra aðila og einkaaðila í Evrópu á sviði iðnaðarrannsókna (industrial research) og gerir kröfu um öflugna stýringu og samræmingu sem tryggir að markmið rannsókna náist. Hingað til hafa fimm JTI verið sett á laggirnar, sjá töflu 34. Taflan sýnir einnig yfirlit yfir þáttöku Norðurlandanna í stofnun fyrrnefndra JTI. Sjá má að Norðurlöndin hafa tengst öllum JTI en í mismiklum mæli þó. Svíþjóð hefur tengst þeim öllum og Danmörk, Finnland og Noregur hafa tekið þátt í fjórum. Ísland er einungis þátttakandi í Fuel Cells and Hydrogen.

Tafla 34. Norræn þátttaka í Joint Technology Initiatives

Stofnendur JTIs	Innovative Medicines Initiative	Embedded Computing Systems	Aeronautics and Air Transport	Nano-electronics Technologies 2020	Fuel Cells and Hydrogen
Fjöldi stofnenda fyrir utan EC	EFPIA	19 lönd + ARTEMISIA	6 lönd	13 lönd + EANEAS	NEW IG
Danmörk	X*	X		X*	X*
Finnland	X*	X		X*	X*
Ísland					X*
Noregur	X*	X*		X*	X*
Svíþjóð	X*	X	X	X	X*
Athugasemdir	X*: Meðlimir EFPIA	X*: Meðlimir ARTEMISIA industry grouping:			
DK – 3					
FI – 17					
NO – 4					
SE – 8		X*: Meðlimir EANEAS	X*: Meðlimir NEW-IG		

Heimild: NordForsk (2011).

9.7 Tengsl Íslands við Joint Programming Initiatives (JPI)

Joint Programming Initiatives (JPI) myndar ramma um samstarf aðildarríkja í þeim tilgangi að takast á við þjóðfélagslegar áskoranir. Yfirlit yfir þær áætlunir sem JPI samanstendur af er að finna í töflu 35. Af þeim er Ísland aðili að **Healthy & Productive Seas and Oceans**.

Tafla 35. Samstarfsáætlunir Joint Programming Initiatives

Neurodegenerative Diseases/Alzheimer's	Agriculture, food security and climate change
A healthy diet for a healthy life	Cultural heritage & global change
Urban Europe	CliK'EU
More years, better lives	Antimicrobial resistance
Water challenges	Healthy & productive seas and oceans

10. Tengsl milli innlendra samkeppnissjóða og sóknar í rannsóknáætlunir ESB

Lítill skörun er milli verkefnastjóra í Tækniþróunarsjóði og þátttakenda í 6. og 7. RÁ. Sé hins vegar lítið til stofnana og fyrirtækja má koma auga á sterka aðila, bæði innan sjóðsins og rannsóknáætlunanna, sem eiga hlutfallslega stóran hlut þátttökutílvika miðað við fjölda.

Skörun einstakra verkefnastjóra í Rannsóknasjóði við þátttakendur í 6. og 7. RÁ er lítil. Hins vegar má rekja um fimm tung þátttökutílvika í 6. RÁ til einstaklinga sem bæði koma fyrir í áætluninni og Rannsóknasjóði. Skörun stofnana og fyrirtækja er hins vegar töluvert meiri. Í báðum áætlunum er mjög öflugur hópur stofnana og fyrirtækja sem á yfirgnæfandi hlutfall þátttökutílvika í sjóðnum. Þessar stofnanir/fyrirtæki sýna einnig styrkleika í áætlunum og eiga þar 43–48% þátttökutílvika.

Sams konar greining sýnir einnig litla skörun milli verkefnastjóra í markáætlunum og þátttakenda í báðum Evrópuáætlunum. Um fjórðungur stofnana/fyrirtækja í markáætlunum skilar sér í 6. RÁ með um þriðjung þátttökutílvika í áætluninni. Á tímabilinu 2007–2011 á um þriðjungur þátttakenda í markáætlunum um fjórðung þátttökutílvika í 7. RÁ.

Kynjagreining á verkefnastjórum í innlendum sjóðum og þátttakendum í styrktum verkefnum í 6. og 7. RÁ sýnir að mikil breyting hefur orðið á hlut kvenna en hann hefur tvöfaldast milli áætlana.

10.1 Innlendir sjóðir og rannsóknáætlunir ESB

Rannís hefur með höndum daglega umsýslu helstu samkeppnissjóða og markáætlana sem veita styrki til íslenskra rannsókna og tækniþróunar. Stærstu sjóðirnir eru Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður. Stofnunin hefur haft umsjón með þremur markáætlunum til þessa, þ.e. Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál (1999–2005), Markáætlun um erfðatækni og örtækni (2005–2008) og Markáætlun um öndvegissetur og klasa (2009–2015). Stofnunin þjónustar bæði stjórnir og fagrað sjóðanna auk þess að annast rekstur og samskipti við umsækjendur og styrkþega. Samhliða þessu hefur Rannís lagt ríka áherslu á að safna og varðveita upplýsingar um styrkveitingar úr helstu sjóðunum. Þetta upplýsingasafn hefur gert stofnuninni kleift að gera sértækar athuganir m.a. á því hvaðan íslenskar rannsókn- og nýsköpunarhugmyndir eiga rætur sínar að rekja. Mikilvægt er fyrir íslenskt samfélag og ekki síst stefnumótunaraðila að búa yfir þekkingu á því hvar rannsókn- og nýsköpunarvirknina er helst að finna og má telja styrkveitingar úr samkeppnissjóðunum skýrt merki um slíka virkni.

Samantektin hér á undan ætti að gefa ágæta mynd af rannsókn- og nýsköpunarvirkni Íslendinga fram til þessa innan rannsóknáætlana ESB. Greinargóðar upplýsingar eru nú til um frammistöðu tiltekinna stofnana og fyrirtækja og eru þær birtar í viðaukum I og II. Með þessi gögn undir höndum þótti ástæða til að kanna hvort tengsl af einhverju tagi fyndust milli styrkveitinga úr innlendum samkeppnissjóðum annars vegar og úr rannsóknáætlunum ESB hins vegar. M.ö.o. hvort tiltekin fyrirtæki eða stofnanir, sem fengið hafa styrki úr íslenskum samkeppnissjóðum, hafi einnig sótt um og fengið styrki úr rannsóknáætlunum. Einföld talning var gerð á fjölda þátttökutílvika sem íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa átt innan stærstu innlendu samkeppnissjóðanna og samanburður gerður við fjölda þátttökutílvika sem þessir sömu aðilar hafa átt á samsvarandi tímabili innan 6. og 7. RÁ. Við þetta fengust upplýsingar um skörun, ef svo má að orði komast, milli íslensku sjóðanna og rannsóknáætlunanna. Skörunin ætti að gefa vísbendingar um þá íslensku aðila sem byggt hafa upp styrkleika í rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi sinni, bæði í íslensku og evrópsku samhengi.

10.2 Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs. Forveri Tækniþróunarsjóðs var Tæknisjóður sem var aflagður árið 2004 þegar Tækniþróunarsjóður tók við. Bent skal á að samanburðurinn á íslensku samkeppnissjóðunum og RÁ tekur til hluta þess tímabils þegar Tæknisjóðurinn var enn starfræktur, þ.e. frá 2002–2003.

10.2.1 Tæknisjóður/Tækniþróunarsjóður og 6. RÁ

Á árunum 2002–2006, sem er það tímabil sem 6. RÁ var í gildi, áttu 136 einstaklingar (þ.e. verkefnastjórar) samtals 175 þátttökutílvik í Tæknisjóði (2002–2003) og Tækniþróunarsjóði (2004–2006). Af þessum 136 komu níu einstaklingar fyrir bæði í styrktum verkefnum í Tæknisjóði eða Tækniþróunarsjóði annars vegar og í 6. RÁ hins vegar. Þetta þýðir að 7% verkefnastjóra í styrktum verkefnum í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði voru einnig þátttakendur í styrktum verkefnum í 6. RÁ. Einnig kemur fram að þessir níu aðilar hafi átt tæp 10% íslensku þátttökutílvikanna í 6. RÁ. Athugun á þeim verkefnastjórum sem áttu flest þátttökutílvik í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði, leiðir í ljós að enginn þeirra kom fyrir í styrktum verkefnum í 6. RÁ. Með öðrum orðum, sé verkefnastjórum raðað í sæti eftir fjölda þátttökutílvika í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði kemur fram að af þeim sjö aðilum sem áttu flest tilvikin kemur enginn þeirra fyrir sem þátttakandi í styrktum verkefnum í 6. RÁ.

Þegar tengsl milli Tæknisjóðs/Tækniþróunarsjóðs og 6. RÁ eru greind með hliðsjón af því hvar verkefnastjórnarnir störfuðu þegar umsókn um styrk úr Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði barst Rannís má sjá eftirfarandi niðurstöður. 14 aðilar (þ.e. fyrirtæki eða stofnanir) koma bæði fyrir í styrktum verkefnum í Tæknisjóði eða Tækniþróunarsjóði annars vegar og í 6. RÁ hins vegar (sjá töflu 33). Þetta þýðir að rúm 18% stofnana og fyrirtækja í styrktum verkefnum í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði fengu einnig styrk úr 6. RÁ. Stofnanirnar og fyrirtækin sem tilgreind eru í töflu 33 áttu tæp 46% þátttökutílvika í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði og helming íslensku þátttökutílvikanna í 6. RÁ.

Tafla 36. Yfirlit yfir þátttökutílvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Tæknisjóði eða Tækniþróunarsjóði og í 6. RÁ

	Tæknisjóður/ Tækniþróunarsjóður	6. RÁ
Háskóli Íslands	21	15
Iðntæknistofnun Íslands	13	8
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	2	8
Landspítali – háskólasjúkrahús	5	7
Hafrannsóknastofnun	1	6
Íslensk nýorka	1	6
Háskólinn í Reykjavík	3	5
Prokaria	4	3
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	19	3
Háskólinn á Akureyri	3	1
Marel	4	1
Nýherji	2	1
Vaki-DNG	1	1
Medcare Flaga hf./Flaga hf.	1	1
	80	66

Heimild: Rannís og E-CORDA.

Tafla 36 hefur að geyma upplýsingar um alla þá aðila sem koma fyrir bæði í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði og einnig í 6. RÁ en í töflu 37 er meiri áhersla á Tæknisjóð/Tækniþróunarsjóð. Í henni eru sýndir þeir íslensku aðilar sem áttu flest þátttökutílvikin í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði á árunum 2002–2006. Sjá má að Háskóli Íslands átti langflest þátttökutílvikin á þessum árum og er því í 1. sæti. Hann átti einnig flest íslensku þátttökutílvikin í 6. RÁ og raðast því í 1. sæti einnig þar. Annað sætið í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði á þessu tímabili skipar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með 19 þátttökutílvik. Stofnunin skipar hins vegar 11.–14. sætið í 6. RÁ með þrjú þátttökutílvik.

Tafla 37. Röðun fyrirtækja og stofnana eftir fjölda þáttökutílvika í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði og í 6. RÁ

Röðun	Efstu níu í Tæknisjóði/Tækniþróunarsjóði	Röðun og þáttökutílvik í 6. RÁ
1.	Háskóli Íslands (21)	1. (15)
2.	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (19)	11.–14. (3)
3.	Iðntæknistofnun (13)	3.–4. (8)
4.–5.	Landspítali – háskólasjúkrahús (5)	5. (7)
4.–5.	ORF Líftækni (5)	Kemur ekki fyrir.
6.–9.	Marel hf. (4)	20.–49. (1)
6.–9.	Marorka ehf. (4)	Kemur ekki fyrir.
6.–9.	Prokaria (4)	11.–14. (3)
6.–9.	Rannsóknastofnun landbúnaðarins (4)	Kemur ekki fyrir.

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.2.2 Tækniþróunarsjóður og 7. RÁ

Á árunum 2007–2011, sem er það tímabil sem 7. RÁ hefur verið í gildi, hafa 172 einstaklingar (þ.e. verkefnastjórar) átt 228 þáttökutílvik í Tækniþróunarsjóði. Af þessum 172 einstaklingum hafa fimm komið bæði fyrir í styrktum verkefnum í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ. Þetta þýðir að 3% verkefnastjóra í styrktum verkefnum í Tækniþróunarsjóði hafa einnig tekið þátt í styrktum verkefnum í 7. RÁ. Þessir fimm verkefnastjórar eiga auk þess tæp 5% íslensku þáttökutílvikanna í 7. RÁ (miðað við júní 2011). Athygli vekur að einungis einn þeirra aðila, sem átt hefur flest þáttökutílvikin í Tækniþróunarsjóði, hefur verið þátttakandi í styrktum verkefnum í 7. RÁ. Þetta þýðir með öðrum orðum að lítil sem engin tengsl hafa fram til þessa verið milli þess að eiga nokkurn fjölda styrktra verkefna í Tækniþróunarsjóði og þess að vera þátttakandi í styrktum verkefnum í 7. RÁ.

Athugun á tengslunum milli Tækniþróunarsjóðs og 7. RÁ með tilliti til þess hvar verkefnastjórnir störfuðu þegar umsókn um styrk úr Tækniþróunarsjóði barst Rannís sýnir eftirfarandi niðurstöður. Í töflu 35 sést að á árunum 2007–2011 komu sjö aðilar (þ.e. fyrirtæki eða stofnanir) bæði fyrir í styrktum verkefnum í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ. Þetta þýðir að fram til þessa hafa 5% stofnana og fyrirtækja í styrktum verkefnum í Tækniþróunarsjóði einnig fengið styrk úr 7. RÁ.

Tafla 38. Yfirlit yfir þáttökutílvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ

	Tækniþróunarsjóður	7. RÁ
Háskóli Íslands	8	21
Háskólinn í Reykjavík	4	5
Mátis	16	4
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ¹⁶	10	4
Landspítali – háskólasjúkrahús	1	2
Autonomous State ehf.	1	1
Háskólinn á Akureyri	2	1
	42	38

Heimild: Rannís og E-CORDA.

Stofnanirnar og fyrirtækin sem tilgreind eru í töflu 38 áttu rúm 18% þáttökutílvika í Tækniþróunarsjóði á tímabilinu 2007–2011 og 35% þáttökutílvika í 7. RÁ.

¹⁶ Í tveimur tilfellum er um verkefni að ræða sem á umsóknarstigi féllu undir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annars vegar og Iðntæknistofnun hins vegar. Þessar tvær stofnanir runnu svo saman í Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1. ágúst 2007.

Tafla 39 sýnir í fyrsta lagi þá íslensku aðila sem áttu flest þáttökutílvik í Tækniþróunarsjóði á árunum 2007–2011 og í öðru lagi hvernig þessum sömu aðilum hefur hingað til vegnað í 7. RÁ. Mátis hefur átt flest þáttökutílvik í Tækniþróunarsjóði og raðast því í 1. sætið þar en í 6.–7. sætið í 7. RÁ. Nýsköpunarmiðstöð Íslands skipar 2. sætið í Tækniþróunarsjóði og deilir 6.–7. sætinu með Mátis í 7. RÁ. SagaMedica ehf. er í 3. sæti yfir fjölda þáttökutílvika í Tækniþróunarsjóði en hefur hingað til ekki komið fyrir í 7. RÁ. Hér skal bent á að 7. RÁ lýkur ekki fyrr en árið 2013 og er líklegt að þáttökutílvikum íslenskra stofnana og fyrirtækja fjölgi þegar komið er undir lok áætlunarinnar.

Tafla 39. Röðun fyrirtækja og stofnana eftir fjölda þáttökutílvika í Tækniþróunarsjóði og í 7. RÁ

Röðun	Efstu sex í Tækniþróunarsjóði	Röðun og þáttökutílvik í 7. RÁ
1.	Mátis (16)	6.–7. (4)
2.	Nýsköpunarmiðstöð Íslands ¹⁷ (10)	6.–7. (4)
3.	SagaMedica ehf. (9)	Kemur ekki fyrir.
4.	Háskóli Íslands (8)	2. (21)
5.	Bláa Lónið hf. (6)	Kemur ekki fyrir.
6.	Háskólinn í Reykjavík (4)	5. (5)

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.3 Rannsóknasjóður

Rannsóknasjóður er opinn samkeppnissjóður sem veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Með hugtakinu vísindarannsókn er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Forveri Rannsóknasjóðs var Vísindasjóður sem var lagður niður árið 2004 þegar Rannsóknasjóður tók við. Samanburðurinn á íslensku samkeppnissjóðunum og RÁ tekur til hluta þess tímabils þegar Vísindasjóðurinn var enn starfræktur, þ.e. frá 2002–2003.

10.3.1 Vísindasjóður/Rannsóknasjóður og 6. RÁ

Á árunum 2002–2006, sem er það tímabil sem 6. RÁ var í gildi, áttu 279 einstaklingar (þ.e. verkefnastjórar) samtals 365 þáttökutílvik í Vísindasjóði (2002–2003) og Rannsóknasjóði (2004–2006). Af þessum 279 komu 22 einstaklingar bæði fyrir í styrktum verkefnum í Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði annars vegar og í 6. RÁ hins vegar. Þetta þýðir að 8% verkefnastjóra í styrktum verkefnum í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði fengu einnig styrk úr 6. RÁ. Einnig kemur fram að þessir 22 aðilar hafi átt tæp 19% íslensku þáttökutílvikanna í 6. RÁ. Athugun á þeim verkefnastjórum, sem áttu flest þáttökutílvik í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði, leiðir í ljós að fæstir af þeim komu fyrir í styrktum verkefnum í 6. RÁ. Með öðrum orðum, sé verkefnastjórunum raðað eftir fjölda þáttökutílvika í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði kemur fram að af þeim tíu aðilum sem áttu flest tilvikin komu einungis þrjú þeirra fyrir sem þátttakendur í styrktum verkefnum í 6. RÁ.

Þegar tengsl milli Vísindasjóðs/Rannsóknasjóðs og 6. RÁ eru greind með hliðsjón af því hvar verkefnastjórnir störfuðu þegar umsókn um styrk úr Vísindasjóði/Rannsóknasjóði barst Rannís koma fram nokkuð áhugaverðar niðurstöður. 16 aðilar (þ.e. fyrirtæki eða stofnanir) koma bæði fyrir í styrktum verkefnum í Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði annars vegar og í 6. RÁ hins vegar (sjá töflu 40). Þetta þýðir að 31% stofnana og fyrirtækja í styrktum verkefnum í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði fékk einnig styrk úr 6. RÁ.

Stofnanirnar og fyrirtækin, sem tilgreind eru í töflu 40, áttu tæp 75% þáttökutílvika í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði og rúm 48% íslensku þáttökutílvikanna í 6. RÁ. Í raun má segja að í töflunni séu lykilaðilar í íslensku rannsókn- og nýsköpunarumhverfi á tímabilinu 2002–2006.

¹⁷ Í tveimur tilfellum er um verkefni að ræða sem á umsóknarstigi féllu undir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annars vegar og Iðntæknistofnun hins vegar. Þessar tvær stofnanir runnu svo saman í Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1. ágúst 2007.

Tafla 40. Yfirlit yfir þátttökutilvik stofnana og fyrirtækja sem koma bæði fyrir í Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði og í 6. RÁ

	Vísindasjóður / Rannsóknasjóður	6. RÁ
Háskóli Íslands	186	15
Landspítali – háskólasjúkrahús	29	7
Háskólinn í Reykjavík	18	5
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	11	8
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	5	3
Háskólinn á Akureyri	5	1
Iðntæknistofnun Íslands	4	8
Krabbameinsfélag Íslands	4	1
Veðurstofa Íslands	3	5
Háskólinn á Hólum	2	1
Prokaria	1	3
Íslensk erfðagreining ehf.	1	3
Urður, Verðandi, Skuld - ICELAND GENOMICS CORPORATION	1	1
Marel hf.	1	1
Medcare Flaga hf.	1	1
Orkustofnun	1	1
	273	64

Heimild: Rannís og E-CORDA.

Tafla 40 hefur að geyma upplýsingar um alla þá aðila sem koma fyrir bæði í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði og einnig í 6. RÁ en í töflu 41 má sjá meiri áherslu á Vísindasjóð/Rannsóknasjóð. Í henni eru sýndir þeir íslensku aðilar sem áttu flest þátttökutilvikin í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði á árunum 2002–2006. Sjá má að Háskóli Íslands átti langflest þátttökutilvikin á þessum árum og raðast því í 1. sæti. Taflan sýnir einnig að Háskóli Íslands var sá íslenski aðili sem átti flest þátttökutilvik íslenskra aðila í 6. RÁ og raðast þar af leiðandi þar í 1.–2. sæti. 2. sætið í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði skipar Landspítali – háskólasjúkrahús með 29 þátttökutilvik. Landspítali – háskólasjúkrahús skipar hins vegar 5. sætið í 6. RÁ með sjö þátttökutilvik.

Athygli vekur að Raunvísindastofnun Háskóla Íslands skipar 6. sætið í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði á þessu tímabili en er í 3.–4. sæti í 6. RÁ. Á hinn bóginn raðast Háskólinn í Reykjavík ofarlega í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði en skipar 8.–10 sætið í 6. RÁ. Þessar niðurstöður benda að einhverju leyti til þess að ekki sé endilega samhengi milli þess að eiga fjölda þátttökutilvika í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði og þátttöku í 6. RÁ þótt Háskóli Íslands sé undantekning þar á.

Tafla 41. Röðun stofnana eftir fjölda þátttökutilvika í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði og í 6. RÁ

Röðun	Efstu tíu í Vísindasjóði/Rannsóknasjóði	Röðun og þátttökutilvik í 6. RÁ
1.	Háskóli Íslands (186)	1.–2. (15)
2.	Landspítali – háskólasjúkrahús (29)	5. (7)
3.	Sjálfstætt starfandi (19)	Kemur ekki fyrir.
4.	Háskólinn í Reykjavík (18)	8.–10. (5)
5.	Kennaraháskóli Íslands (11)	Kemur ekki fyrir.
6.	Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (11)	3.–4. (8)
7.	Tilraunastöð HÍ í meinafræði (10)	Kemur ekki fyrir.
8.	Erlendur háskóli (8)	Kemur ekki fyrir.
9.–10.	Háskólinn á Akureyri (5)	20.–49. (1)
9.–10.	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (5)	11.–14. (3)

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.3.2 Rannsóknasjóður og 7. RÁ

Á árunum 2007–2011, sem er það tímabil sem 7. RÁ hefur verið í gildi, hafa 196 einstaklingar átt 221 þátttökutilvik í Rannsóknasjóði. Af þessum 196 einstaklingum hafa sex komið bæði fyrir í styrktum verkefnum í Rannsóknasjóði og í 7. RÁ. Þetta þýðir að 3% verkefnastjóra í styrktum verkefnum í Rannsóknasjóði hafa einnig tekið þátt í styrktu verkefni í 7. RÁ. Þessir 6 aðilar eiga rúm 7% íslensku þátttökutilvika í 7. RÁ (miðað við júní 2011). Athygli vekur að enginn þeirra aðila, sem áttu hafa flest þátttökutilvikin í Rannsóknasjóði, eiga þátt í styrktu verkefni í 7. RÁ. Þetta þýðir með öðrum orðum að lítil sem engin tengsl hafa fram til þessa verið milli þess að eiga nokkurn fjölda styrktra verkefna í Rannsóknasjóði og þess að vera þátttakandi í styrktu verkefni í 7. RÁ.

Þegar tengsl milli Rannsóknasjóðs og 7. RÁ eru greind með tilliti til þess hvar verkefnastjórnir voru störfuðu þegar umsókn um styrkt úr Rannsóknasjóði barst Rannís má greina eftirfarandi niðurstöður. Tafla 39 leiðir í ljós að á árunum 2007–2011 koma níu aðilar (þ.e. stofnanir) fyrir bæði í styrktum verkefnum í Rannsóknasjóði og í styrktum verkefnum í 7. RÁ. Þetta þýðir að fram til þessa hafa 35% stofnana í styrktum verkefnum í Rannsóknasjóði einnig fengið styrk úr 7. RÁ.

Tafla 42. Yfirlit yfir þátttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í Rannsóknasjóði og í 7. RÁ

	Rannsóknasjóður	7. RÁ
Háskóli Íslands	130	21
Háskólinn í Reykjavík	21	5
Landspítali – háskólasjúkrahús	17	2
Matís	7	4
Landbúnaðarháskóli Íslands	4	1
Háskólinn á Akureyri	3	1
Hafrannsóknastofnun	2	6
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	2	4
Veðurstofa Íslands	1	2
	187	46

Heimild: Rannís og E-CORDA.

Stofnanirnar sem tilgreindar eru í töflu 42 áttu 84% þátttökutilvika í Rannsóknasjóði frá 2007–2011 og 43% þátttökutilvika í 7. RÁ. Sem fyrr má segja að upplýsingarnar í töflunni gefi vísbendingar um lykilaðila í íslensku rannsókn- og nýsköpunarumhverfi á tímabilinu 2007–2011.

Tafla 43 sýnir í fyrsta lagi þá íslensku aðila sem áttu flest þátttökutilvik í Rannsóknasjóði á árunum 2007–2011 og í öðru lagi hvernig þessir sömu aðilar hafa raðast með hliðsjón af fjölda þátttökutilvika í 7. RÁ. Háskóli Íslands hefur sem fyrr átt flest þátttökutilvikin í Rannsóknasjóði og raðast því í 1. sætið. Hann hefur hingað til einnig átt stóran hluta íslenskra þátttökutilvika í 7. RÁ og skipar því 2. sætið þar¹⁸. Háskólinn í Reykjavík skipar 2. sætið í Rannsóknasjóði og það fimmta í 7. RÁ. Landspítali – háskólasjúkrahús raðast í 3. sætið í Rannsóknasjóði en í 8.–11. sæti 7. RÁ.

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að sterk staða, með tilliti til fjölda þátttökutilvika, í Rannsóknasjóði endurspeglar ekki endilega í sterkri stöðu í 7. RÁ þótt Háskóli Íslands sé enn undantekning. Enn mætti hafa í huga að 7. RÁ lýkur ekki fyrr en árið 2013 og er líklegt að þátttökutilvikum íslenskra stofnana og fyrirtækja fjölgi þegar komið er undir lok áætlunarinnar.

¹⁸ Rannís skipar 1. sætið í 7. RÁ með 30 þátttökutilvik.

Tafla 43. Röðun stofnana eftir fjölda þátttökutilvika í Rannsóknasjóði og í 7. RÁ

Röðun	Efstu 12 í Rannsóknasjóði	Röðun og þátttökutilvik í 7. RÁ
1.	Háskóli Íslands (130)	2. (21)
2.	Háskólinn í Reykjavík (21)	5. (5)
3.	Landspítali – háskólasjúkrahús (17)	8.–11. (2)
4.	Matis ohf. (7)	6.–7. (4)
5.	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (5)	Kemur ekki fyrir.
6.–7.	Landbúnaðarháskóli Íslands (4)	12.–26. (1)
6.–7.	Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (4)	Fellur undir Háskóla Íslands í 7. RÁ ¹⁹
8.–12.	Háskólinn á Akureyri (3)	12.–26. (1)
8.–12.	Kennaraháskóli Íslands (3)	Kemur ekki fyrir ²⁰ .
8.–12.	Erlendur háskóli (3)	Kemur ekki fyrir.
8.–12.	Sjálfstætt starfandi (3)	Kemur ekki fyrir.
8.–12.	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (3)	Fellur undir Háskóla Íslands í 7. RÁ

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.4 Markáætlanir

Rannís hefur haft umsjón með þremur markáætlunum til þessa, þ.e. Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál (1999–2005), Markáætlun um erfðatækni og örtækni (2005–2008) og nú stendur yfir Markáætlun um öndvegissetur og klasa (2009–2015). Bent skal á að í þessari greiningu er aðeins skoðaður hluti af fyrstu markáætluninni, þ.e. Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál, þar sem upphafsár 6. RÁ var 2002. Þetta þýðir m.ö.o. að upplýsingar um áætlunina fyrir árið 2002 eru ekki teknar með.

10.4.1 Markáætlanir og 6. RÁ

Á árunum 2002–2006, sem er gildistími 6. RÁ, átti 31 einstaklingur (þ.e. verkefnastjórar) samtals 33 þátttökutilvik í Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál (2002–2005) og Markáætlun um erfðatækni og örtækni (2005–2006). Af þessum 31 komu þrjú einstaklingar fyrir bæði í styrktum verkefnum í markáætlununum og í 6. RÁ. Þetta þýðir að tæp 10% verkefnastjóra í styrktum verkefnum í markáætlununum voru einnig þátttakendur í styrktum verkefnum í 6. RÁ. Tveir verkefnastjórar í markáætlununum áttu tvö þátttökutilvik hvor, allir aðrir verkefnastjórar áttu eitt þátttökutilvik í markáætlununum. Vert er að geta þess að verkefnastjórnir tveir áttu engin þátttökutilvik í 6. RÁ.

Þegar tengsl milli markáætlana (2002–2006) og 6. RÁ eru greind með tilliti til þess hvar verkefnastjórnir störfuðu þegar umsókn um styrk í markáætlun barst Rannís kemur í ljós að fimm aðilar (þ.e. fyrirtæki eða stofnanir) komu fyrir bæði í markáætlun og í 6. RÁ (sjá töflu 44). Þetta þýðir að 24% stofnana í styrktum verkefnum í markáætlun voru einnig þátttakendur í styrktum verkefnum í 6. RÁ.

Tafla 44. Yfirlit yfir þátttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í markáætlunum og í 6. RÁ

	Markáætlanir	6. RÁ
Háskóli Íslands	8	15
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	3	8
Landspítali – háskólasjúkrahús	2	7
Háskólinn í Reykjavík	1	5
Iðntæknistofnun Íslands	1	8
	15	43

Heimild: Rannís og E-CORDA.

¹⁹ Í 7. RÁ var farið út í þá vinnu af hálfu framkvæmdastjórnar ESB að samræma auðkenni stofnana til að auðvelda frekari úrvinnslu. Því teljast nokkrar stofnanir tengdar Háskóla Íslands, sem í 6. RÁ stóðu sem sér eining, nú inn í heildartölu skólans.

²⁰ Sameinaðist Háskóla Íslands 2008.

Tafla 45 sýnir annars vegar þá aðila sem áttu flest þátttökutilvik í markáætlunum á árunum 2002–2006 og hins vegar hvernig þessum sömu aðilum vegnaði í 6. RÁ. Líkt og í samkeppnissjóðunum átti Háskóli Íslands flest þátttökutilvik í markáætlununum á þessu framangreinda tímabili og raðast því í 1. sætið. Eins og fyrr segir skipar Háskóli Íslands einnig fyrsta sætið í 6. RÁ. Athygli vekur að Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sem skipaði 2.–3. sætið í markáætlununum ásamt Raunvísindastofnun, kom ekki fyrir sem þátttakandi í styrktu verkefni í 6. RÁ.

Tafla 45. Röðun stofnana eftir fjölda þátttökutilvika í markáætlunum og í 6. RÁ

Röðun	Efstu 4 í markáætlunum	Röðun og þátttökutilvik í 6. RÁ
1.	Háskóli Íslands (8)	1. (15)
2.–3.	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands (3)	Kemur ekki fyrir.
2.–3.	Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (3)	4. (8)
4.	Landspítali – háskólasjúkrahús (2)	5. (7)

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.4.2 Markáætlanir og 7. RÁ

Á árunum 2007–2011, eða það sem af er 7. RÁ, hafa 20 einstaklingar (þ.e. verkefnastjórar) átt samtals 20 þátttökutilvik í Markáætlun um erfðatækni og örtækni (2007–2008) og Markáætlun um öndvegissetur og klasa (2009–2011). Af þessum 20 verkefnastjórum hefur aðeins einn komið fyrir bæði í styrktu verkefni í markáætlun og sem þátttakandi í styrktu verkefni í 7. RÁ.

Þegar tengsl milli markáætlana (2007–2011) og 7. RÁ eru skoðuð með hliðsjón af því hvar verkefnastjórnir störfuðu þegar umsókn um styrk í markáætlun barst Rannís má sjá að þrjú aðilar, þ.e. stofnanir (sjá töflu 46) komu bæði fyrir í markáætlun og í 7. RÁ. Þetta þýðir að 33% stofnana í styrktum verkefnum í markáætlun hafa einnig verið þátttakendur í styrktum verkefnum í 7. RÁ.

Tafla 46. Yfirlit yfir þátttökutilvik stofnana sem koma bæði fyrir í markáætlunum og í 7. RÁ

	Markáætlun	7. RÁ
Háskóli Íslands	8	21
Landspítali – háskólasjúkrahús	1	2
Háskólinn í Reykjavík	1	5
	10	28

Heimild: Rannís og E-CORDA.

Tafla 47 sýnir annars vegar þá aðila sem áttu flest þátttökutilvik í markáætlunum á árunum 2007–2011 og hins vegar hvernig þessum sömu aðilum hefur vegnað hingað til í 7. RÁ. Líkt og áður á Háskóli Íslands flest þátttökutilvik í markáætlunum og raðast því í 1. sætið en í 2. sætið í 7. RÁ. Allir aðrir þátttakendur í markáætlununum á þessum árum hafa eingöngu átt eitt þátttökutilvik í þeim og koma því ekki fyrir í töflu 47.

Tafla 47. Röðun stofnana eftir fjölda þátttökutilvika í markáætlunum og í 7. RÁ


Röðun	Efstu 2 í markáætlunum	Röðun og þátttökutilvik í 7. RÁ
1.	Háskóli Íslands (8)	2. (21)
2.	Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (5)	Fellur undir Háskóla Íslands í 7. RÁ

Heimild: Rannís og E-CORDA.

10.5 Kynjahlutfall styrkþega í íslenskum samkeppnissjóðum og í rannsóknáætlunum ESB

Ef skoðuð eru þáttökutilvik í 6. RÁ með tilliti til kynferðis kemur í ljós að karlkyns þátttakendur eru í miklum meirihluta eða 77% á móti 23% tilvikum kvenna. Sé einnig litið til innlendra sjóða og markáætlana á sama tímabili (2002–2006) sést einnig sams konar mynd en þar eiga karlkyns verkefnastjórar 65% til 82% allra þáttökutilvika í styrktum verkefnum (sjá mynd 1). Kvenkyns verkefnastjórar virðast helst eiga þáttökutilvik í styrktum verkefnum Rannsóknasjóðs (35%).


Mynd 3. Þáttökutilvik í 6. RÁ, markáætlunum og innlendum sjóðum eftir kyni frá 2002–2006



Heimild: Rannís og E-CORDA.

Mun jafnara hlutfall verkefnastjóra eftir kyni er hins vegar í 7. RÁ. Kvenkyns þátttakendur eiga þar 40% þáttökutilvika á móti 60% tilvika karla. Sams konar þróun er ekki að sjá í innlendum sjóðum eða markáætlunum á tímabilinu (2007–2011). Hlutfall karlkyns styrkþega í Rannsóknasjóði á þessu tímabili er 71% og í markáætlunum 80%. Í Tækniþróunarsjóði er kynjahlutfallið svo að segja óbreytt. Hafa ber í huga að ofangreind hlutföll endurspeglar ekki árangurshlutfall eftir kyni heldur aðeins kynjahlutfall verkefnisstjóra eða þátttakenda í styrktum verkefnum.

Mynd 4. Þáttökutilvik í 7. RÁ, markáætlunum og innlendum sjóðum eftir kyni frá 2007–2011



Heimild: Rannís og E-CORDA.

11. Helstu niðurstöður

Frá upphafi þáttöku Íslands hefur bæði hlutfall íslenskrar þáttöku og hlutfall styrkveitinga til íslenskra þátttakenda haldist nokkuð stöðugt. Dregið hefur hins vegar úr fjölda verkefna sem íslenskir þátttakendur eiga aðild að frá 4. RÁ til 6. RÁ. Tölur úr 7. RÁ sem sýna áframhaldandi fækkun verkefna verður hins vegar að skoða í ljósi þess að áætlunin er í raun aðeins hálfnuð. Því má ganga að því vísu að talan muni hækka þó óvíst sé hvort hlutfallið komi til með að breytast. Þrátt fyrir að verkefnafjöldi fari minnkandi haldast styrkveitingar stöðugar. Þessa þróun má að nokkru leyti skýra með þeirri staðreynd að verkefni fara stækkandi, bæði hvað varðar fjölda þátttakenda og styrkveitingar. Einnig vekur athygli að hlutfall íslenskra verkefnastjóra fer hækkandi.

Innan 6. RÁ standa íslenskir háskólar fyrir hlutfallslega færri þáttökutilvikum en háskólar í áætluninni í heild. Einnig er hlutfall íslenskra fyrirtækja með tilliti til þáttöku stærri en almennt sést meðal erlendra fyrirtækja innan áætlunarinnar. Hvað styrkveitingar varðar er áberandi ósamræmi milli þáttökutilvika og

styrkveitinga hjá íslensku þátttakendum, þ.e. þó svo að ákveðin tegund þátttakenda standi bak við hátt hlutfall þáttöku er ekki þar með sagt að hún fái úthlutað sambærilegu hlutfalli af styrkveitingum. Meirihluti styrkja rennur til rannsóknastofnana (56%) sem standa fyrir 32% þáttökutilvika. Háskólar og fyrirtæki fá í sinn hlut lægra hlutfall styrkja en þátttaka þeirra gefur vísbendingu um.

Í 7. RÁ hafa háskólar aukið þáttöku sína en eru þó enn nokkuð fjarri meðaltali innan Evrópu. Þátttaka íslenskra fyrirtækja og rannsóknastofnana er nú minni miðað við sambærilega aðila í áætluninni í heild. Í 7. RÁ var farið að flokka sér opinberar stofnanir sem hvorki eru mennta- né rannsóknastofnanir. Þessi nýja flokkun endurspeglar virkan hóp þátttakenda á Íslandi. Hvað samræmi milli þáttöku og styrkveitinga varðar sést að í 7. RÁ hefur hlutfall fyrirtækja vænkast og fá þau nú um 44% styrkja til íslenskra þátttakenda á móti 32% þáttökutilvika.

Í 6. RÁ sýnir fjöldi íslenskra þáttökutilvika og styrktra verkefna með aðkomu Íslendinga góðan árangur landsins í undiráætlunum á sviði matvæla- og umhverfisrannsókna, upplýsingatækni og heilbrigðisvísinda. Árangur var einnig góður í undiráætlun sem sneri að rannsóknum tengdum litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hvað hlutfall styrkveitinga snertir var frammistaða Íslands ofan við meðaltal landsins í matvæla- og umhverfisrannsóknum og heilbrigðisvísindum. Sams konar tölulegar upplýsingar úr 7. RÁ sýna að íslenskir þátttakendur eru enn sterkir í undiráætlunum á sviði matvæla- og umhverfisrannsókna og heilbrigðisvísinda. Líkt og í 6. RÁ má benda á árangur á sviði rannsókna í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hátt hlutfall styrkveitinga má einnig sjá í Marie Curie-undiráætluninni en einnig á sviði matvæla og umhverfisrannsókna og heilbrigðisvísinda.

Íslenskir aðilar tóku þátt í 431 umsóknum í 6. RÁ og 103 styrktum verkefnum. Heildarárangur Íslands í 6. RÁ var því 24%. Sé litið til einstaka rannsóknasviða er árangurinn mestur hjá íslenskum þátttakendum á sviði matvælarannsókna. Einnig má nefna góðan árangur á sviði rannsókna í þágu lítilla eða meðalstórra fyrirtækja. Í 6. RÁ átti Ísland helst aðild að umsóknum í undiráætlunum **Information Society Technologies, Sustainable development, global change and ecosystems, Human resources & mobility og Horizontal Research Activities – SMEs.**

Hingað til hafa íslenskir aðilar tekið þátt í 538 umsóknum í 7. RÁ og átt 99 styrkt verkefni. Heildarárangur Íslands í 7. RÁ er því sem stendur 18,4%. Sérlega góður árangur hefur verið hjá íslenskum aðilum í umhverfis- og heilbrigðisvísindum. Í 7. RÁ áttu íslenskir aðilar helst aðild að umsóknum í undiráætlunum **Initial training of researchers – Marie Curie Networks, Information and communication technologies, Research for the benefit of SMEs og Food, agriculture and fisheries, and biotechnology.**

Þó nokkuð innlent samstarf var í 6. RÁ en dregið hefur úr því í núverandi áætlun. Hafa ber þó í huga að 7. RÁ er ólokið. Sé horft út fyrir landsteinana er samstarfsaðila íslenskra þátttakenda helst að finna í Bretlandi. Mikilvægt er að hafa í huga að sú niðurstaða endurspeglar einnig mikla þáttökuvirkni Breta. Af nágrannarþjóðum okkar áttu íslenskir þátttakendur helst í samstarfi við Noreg.

Skörun milli verkefnastjóra í innlendum sjóðum og þátttakenda í rannsóknáætlunum er lítil. Skörun stofnana og fyrirtækja milli sjóða og áætlana er hins vegar meiri. Þar má greina sterka hópa sem eiga hlutfallslega stóran hlut þáttökutilvika miðað við fjölda. Kynjagreining á verkefnastjórum í innlendum sjóðum og þátttakendum í styrktum verkefnum í 6. og 7. RÁ sýnir að mikil breyting hefur þar orðið á hlut kvenna en hann hefur nærri tvöfaldast milli áætlana.

12. Sjálfsmat Rannís á þjónustu við umsækjendur í 7. RÁ

12.1 Hlutverk alþjóðasviðs Rannís

Í lögum um Rannsóknamiðstöð Íslands er kveðið á um að hlutverk Rannís sé meðal annars „að annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning“ auk þess „að annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan“.

Alþjóðasvið Rannís vinnur ötullega að því að uppfylla þær skyldur sem lög kveða á um, einkum í hlutverki sínu sem umsjónaraðili 7. rannsóknáætlunar ESB. Í því felst meðal annars öflug kynningarstarfsemi, skipulagning viðburða, fræðsla og ráðgjöf við viðskiptavinum. Sérstök heimasíða var sett upp þegar áætluninni var hleypt af stokkunum árið 2007 og hefur hún verið nýtt til að koma á framfæri upplýsingum um 7. RÁ, s.s. um umsóknarfresti, kynningarfundir, námskeið og aðrar mikilvægar upplýsingar fyrir markhópa og viðskiptavinum. Fréttir af alþjóðasviði og tækifærum í alþjóðasamstarfi birtast einnig reglulega í almennum fréttadálki og fréttabréfi Rannís.

Frá því að 7. RÁ hóf göngu sína hefur alþjóðasvið Rannís staðið fyrir u.þ.b. 100 viðburðum til að kynna og vekja athygli á 7. RÁ og er heildarfjöldi þátttakenda 17 til 18 þúsund. Viðburðirnir eru allt frá því að vera almennar kynningar til sértækra kynningarfundar fyrir ákveðnar undirátætlunir eða námskeiða um ákveðna þætti áætlunarinnar. Eftirfarandi listi gefur yfirlit yfir helstu viðburði sem alþjóðasvið Rannís hefur skipulagt:

- Kynningarfundir um samstarfsáætlanir ESB, oftast með þáttöku fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB.
- Sértækir kynningarfundir um ákveðnar undirátætlunir 7. RÁ.
- Fundir í fyrirtækjum og stofnunum til kynningar.
- Þátttaka í ýmiss konar ráðstefnum.
- Smærri fundir fyrir markhópa.
- Námskeið fyrir almenna umsækjendur.
- Námskeið fyrir landstengla og aðra sem aðstoða við umsóknagerð í 7. RÁ.
- Námskeið fyrir þá sem sjá um stjórnun og fjármál verkefna í 7. RÁ.
- Námskeið fyrir stefnumótendur og landstengla er starfa við ráðgjöf um 7. RÁ.
- Vísindavaka er haldin árlega.
- Vísindakaffi er haldið í tengslum við Vísindavöku.
- Rekstur sérstakrar heimasíðu fyrir 7. RÁ.

Í upphafi 7. RÁ var lögð áhersla á að kynna einstakar áætlunir og var það gert með kynningarfundum, sem voru auglýstir í dagblöðum á tímabilinu 2007–2009 auk markpóstssendinga og auglýsinga á heimasíðu til að auka sýnileika áætlunarinnar. Frá 2010 hefur verið lögð meiri áhersla á markpóstssendingar og auglýsingar á heimasíðu og hefur það gefist vel því að ekki hefur dregið úr þáttöku í viðburðum.

Alþjóðasvið hefur staðið fyrir námskeiðum af ýmsu tagi, m.a. um hvernig eigi að sækja um styrki í 7. RÁ og um stjórnun og fjármál verkefna. Við skipulagningu námskeiða hefur verið haft samstarf við helstu sérfræðinga á hverju sviði, innlenda og erlenda. Má þar nefna Sean McCarthy frá Hyperion, ráðgjafarfyrirtækin Berkley Associates og Walker Associates, auk Sigurðar Bogasonar hjá Markmar. Eftir því sem 7. RÁ vindur fram hefur meiri áhersla verið lögð á að bjóða upp á sértækari námskeið sem ætlað er að dýpka þekkingu þátttakenda í 7. RÁ á einstökum viðfangsefnum sem varða áætlunina, svo sem fjármálauppgjöri, endurskoðun og einkaleyfismálum.

Árangur og endurmat alþjóðasviðs

Kynningarstarf alþjóðasviðs Rannís hefur gengið vel og hafa námskeið, kynningarfundir og aðrir viðburðir, sem alþjóðasvið stendur fyrir, verið mjög vel sóttir. Eins og nefnt var hér að framan stendur alþjóðasvið Rannís fyrir Vísindavöku á hverju ári sem er evrópskur viðburður styrktur af 7. RÁ. Markmið hennar er að kynna starf vísindamannsins fyrir almenningi. Fjöldi gesta á Vísindavöku hefur margfaldast frá ári til árs, að meðaltali hefur þátttakan aukist um 25% á ári.

Heimasíða tileinkuð 7. RÁ er mjög vel sótt og eru heimsóknir að meðaltali 1.000–1.200 á viku. Þar má meðal annars finna:

- Almennar upplýsingar um 7. RÁ.
- Grunnupplýsingar um undirátætlunirnar.
- Upplýsingar um fulltrúa Íslands í áætluninni, stjórnarnefndarfulltrúa og landstengla.
- Nýjustu vinnuáætlanir.
- Upplýsingar um umsóknarfresti.
- Upplýsingar um kynningarfundir, námskeið og aðra viðburði.
- Samstarfsleit á ákveðnum sviðum.

Auk heimasíðunnar og reglulegra fréttar af alþjóðastarfi í fréttadálki og í fréttabréfi Rannís hefur alþjóðasvið nýtt sér markpóst í auknum mæli til að kynna viðburði. Alþjóðasvið heldur utan um útsendingarlista með netföngum áhugasamra eftir undirátætlunum og sendir þeim markvissan tölvupóst með ákveðnum upplýsingum, s.s. um umsóknarfresti, kynningarfundir, námskeið, nýjar vinnuáætlanir, nýjar samstarfsleitir, o.s.frv.

Fyrirspurnum til einstakra starfsmanna hefur fjölgað. Áætlað er að hver starfsmaður sinni rúmlega 1.000 fyrirspurnum á ári, bæði almennum og sértækum spurningum. Stöðugildi alþjóðasviðs hafa að jafnaði verið 3,5–4 og eru þetta því samtals um 4.000 fyrirspurnir. Í þessu samhengi er átt við fyrirspurnir og aðstoð í formi einstaklingsfunda, tölvupósts og samtala.

Mikilvægt er að nýta mannafla og þekkingu innan Rannís betur, þvert á svið stofnunarinnar, til að hægt sé að byggja upp markvissa upplýsingamiðlun og ráðgjöf. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg þar sem oft er um að ræða sömu aðila og hafa áhuga á að sækja um í alþjóðlega sjóði.

Miðlun upplýsinga á milli sviða Rannís er nokkuð góð en mætti vera skilvirkari. Samvinna milli sviða hefur aukist í tengslum við ERA-net sem eru styrkt af 7. RÁ með þáttöku innlendra sjóða. ERA-net hafa það að markmiði að tengja saman fjármögnunaraðila í löndum sem eiga aðild að 7. RÁ og móta sameiginlegar áætlunir á ýmsum sviðum. Í því samhengi er samvinna alþjóðasviðs og sjóðasviðs einkar mikilvæg.

12.2 Þjónusta við viðskiptavinum 7. RÁ

Á heimasíðu Rannís kemur fram að eitt helsta verkefni alþjóðasviðs Rannís sé að hafa umsjón með 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins fyrir hönd Íslands. Í því felst að Rannís sé um kynningar á áætluninni og veitir upplýsingar um áhersluatriði og umsóknarfresti. Rannís hefur umsjón með starfi landstengla áætlunarinnar og heldur utan um fundarsetu stjórnarnefndarfulltrúa undirátætlana.

Skipulag landstenglastarfs Rannís byggir á þeim markmiðum sem framkvæmdastjórn ESB setur um helstu hlutverk landstengiliða. Þau eru eftirfarandi:

Upplýsingagjöf og kynningar

- Dreifa upplýsingum um þau tækifæri sem bjóðast í áætluninni, reglum um þáttöku og upplýsingum um umsóknarferlið.
- Skipuleggja kynningar í samráði við framkvæmdastjórn ESB; kynningarfundir, námskeið, ráðstefnur og vinnustofur; setja upp vefsíður, fréttabréf, o.s.frv.
- Vekja athygli á markmiðum sem snúa að atriðum eins og að auka þáttöku kvenna í 7. RÁ, standa vörð um siðferði í vísindum og vinna að því að styrkja tengsl vísinda og samfélags. Einnig að stuðla að þáttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SMEs) í áætluninni.
- Vekja athygli á tengdum áætlunum og tækifærum, t.d. í gegnum CIP, Eureka og COST.

Ráðgjöf, stuðningur og fræðsla

- Leiðbeina umsækjendum varðandi efni og umfang 7. RÁ og mismunandi styrkleiðir.
- Veita ráðgjöf varðandi stjórnunar- og lagaleg málefni, t.d. hlutverk samstarfsaðila í verkefni, fjármál, réttindi og skyldur styrkþega auk upplýsinga um siðferðiskröfur í verkefnum.
- Aðstoða umsækjendur við að leita að samstarfsaðilum og veita upplýsingar í tengslum við auglýsta umsóknarfresti, t.d. með aðstoð Participant Portal 7. RÁ, NCP samstarfsneta og EEN.
- Styðja við nýjar stofnanir, t.d. lítil fyrirtæki og nýliða í áætluninni.
- Skipuleggja námskeið fyrir umsækjendur, stuðningsaðila og ráðgjafa.
- Skipuleggja námskeið fyrir ákveðna hópa, t.d. fulltrúa fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, kvenna í vísindum, o.s.frv., og námskeið um afmörkuð efni, t.d. lagaleg mál, reglur um þáttöku, ákveðin rannsóknasvið og siðferðileg mál.
- Veita ráðgjöf, einkum til fyrirtækja og smærri þátttakenda, varðandi verkefnastjórnun og fjármálastjórnun.

Endurgjöf

- Veita framkvæmdastjórn ESB upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar eða þáttöku í henni.
- Beina fyrirspurnum áhugasamra rétta leið innan stuðningskerfis ESB, t.d. til annarra stuðningskerfa, t.d. Enterprise Europe Network.
- Upplýsa framkvæmdastjórn ESB um landstenglastarfsemina og láta vita þegar þörf er á beinni þáttöku fulltrúa hennar.

Rannís hefur umsjón með landstenglastarfi allra áætlana innan 7. RÁ og felst starfið einkum í að taka við upplýsingum sem tengjast einstökum áætlunum og miðla þeim áfram til markhópa. Fram til október 2008 sóttu landstenglar reglulega fundi í öllum undiráætlunum, svokallaða landstenglafundi, sem skipulagðir eru af framkvæmdastjórn ESB til að miðla upplýsingum um hvað er að gerast í viðkomandi áætlun til landstengla þáttökulandanna. Á þeim vettvangi gafst landstenglum tækifæri til að ræða við fulltrúa framkvæmdastjórnar, aðra landstengla og síðast en ekki síst taka við upplýsingum um einstakar áætlanir. Þessum upplýsingum hefur síðan verið miðlað til viðkomandi markhópa hér á landi.

Starfsfólk Rannís eru landstenglar í eftirfarandi áætlunum:

- Heilsa
- Matvæli
- Vísindin í samfélaginu
- Öryggi og geimur
- Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki
- Þekkingarsvæði
- Innviðir
- Alþjóðlegt samstarf
- Hugmyndir
- Örtækni
- Orka
- Umhverfi
- Félags-, hag- og hugvísindi
- Landstenglar annarra undiráætlana 7. RÁ eru utan Rannís

Landstenglar vinna náið með stjórnarnefndarfulltrúum og bakhópum. Landstengill sér um að halda utan um bakhópinn sem virkar sem sérfræðingahópur á viðkomandi sviði. Bakhópurinn styður við stjórnarnefndarfulltrúa og er tenging út í grasrótina. Öflugur bakhópur er því mikilvægur til að auðvelda miðlun upplýsinga.

